FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
133. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FIMMTUDAGUR 8. JÚNÍ 2017


Maður um fertugt lést á Landspítalanum í Fossvogi eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás við Æsustaði í Mosfellsdal í gærkvöldi. Sérsveit ríkislögreglustjóra, ásamt lögreglu, slökkviliði og sjúkraflutningamönnum, var kölluð á vettvang. Rannsókn málsins er umfangsmikil, en fimm karlar og ein kona hafa verið handtekin í tengslum við málið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fengu meira því þeir voru útlendingar

**Fyrrverandi forsætisráðherra segir vinnu innlendra ráðgjafa hafa skipt sköpum í afnámi hafta. Erlendir ráðgjafar fengu þó mun hærri greiðslur.**

**EFNAHAGSMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, segist gera ráð fyrir að erlendir ráðgjafar stjórnvalda við afnám gjaldeyrishafta hafi fyrst og fremst fengið meira greitt en innlendu ráðgjafarnir af því að þeir eru þekktir útlendingar. Vinna Íslendinganna í málinu hafi hins vegar skipt sköpum. Þeir hafi unnið sleitulaust starf og keyrt málið áfram.

Samkvæmt nýútgefinni skýrslu Ríkisendurskoðunar fengu erlendu ráðgjafarnir margfalt hærri greiðslur í sinn hlut en innlendu ráðgjafarnir. Stjórnvöld greiddu erlendu ráðgjöfunum hátt í 380 milljónir króna á árunum 2013 til 2015, en þar munaði mestu um 239 milljóna króna greiðslu til lögmannsstofu Lees C. Buchheit. Auk þess fékk fjármálaráðgjafinn Glenn Victor Kim 95 milljónir í sinn hlut.

Launagreiðslur til innlendu ráðgjafanna námu samtals um 73 milljónum króna.

„Mér finnst munurinn á launagreiðslum reyndar ótrúlega mikill en því miður hættir mörgum til að hafa meiri efasemdir um landa sína en útlendinga og það veldur meiri tortryggni þegar Íslendingar fá meira greitt en útlendingar,“ segir Sigmundur Davíð. – kij, ósk / sjá síðu 16

**» Stjórnvöld greiddu erlendu ráðgjöfunum hátt í 380 milljónir króna á árunum 2013 til 2015.**

## Kosningar í Bretlandi í dag

**BRETLAND** Útlit er fyrir að Íhaldsflokkurinn sigri í þingkosningum í Bretlandi í dag. Bilið milli Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins hefur þó minnkað verulega undanfarnar vikur. – sg / sjá síðu 6

## Comey fyrir nefnd á morgun

**BANDARÍKIN** Bandaríkjaforseti krafðist hollustu James Comey, þáverandi yfirmanns alríkislögreglunnar FBI og vildi fella niður rannsókn á fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa sínum. Comey kemur fyrir leyniþjónustunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í dag. – sg / sjá síðu 2

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Byggðastofnun á eignahluti þvert á eigendastefnu. 8

**SKOÐUN** Tryggvi Gíslason skrifar um framtíð íslenskrar tungu. 20

**SPORT** Orðnir langeygir eftir sigri á Króötum. 28

**LÍFIÐ** Sund- og leikkonan Ragga Ragnars mun vera búin að landa hlutverki í Vikingsþáttunum. 48



**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Hægari norðlæg átt í dag og minnkandi úrkoma en áfram líkur á síðdegisskúrum sunnan til á landinu. Ívið hlýrra veður. SJÁ SÍÐU 32

# Kátir krakkar fara fagnandi í sumarfríið



Ríflega 40 þúsund grunnskólabörn kveðja grunnskóla landsins um þessar mundir og halda á vit ævintýra í sumarfríinu. Þessir hressu krakkar voru við skólaslitin í Ísaksskóla í góða veðrinu í gær og virtust spennt fyrir björtu mánuðunum sem fram undan eru. Þau báru höfuðföt og sungu hástöfum við athöfnina. Sumir ætluðu á leikjanámskeið, aðrir að leika sér í íþróttum og enn aðrir í ferðalög með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Hlutfall bíla á nagladekkjum hefur hækkað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Borgin vill leggja gjald á nagladekk

**SAMGÖNGUR** Reykjavíkurborg vill fá leyfi til gjaldtöku á nagladekk í umferðarlög. Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar er falið að koma tillögu að lagabreytingu á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið og Alþingi segir í tilkynningu.

Endurskoðun umferðarlaga hefur verið á dagskrá Alþingis í nokkur ár en ekki náð fram að ganga. Sveitarfélög hafa ekki heimild eins og stendur til að leggja gjald á notkun nagladekkja.

Reykjavíkurborg leggur því fram tillögu að nýju lagaákvæði í umferðarlögum um heimild til gjaldtöku vegna notkunar nagladekkja. Fram kemur í tilkynningu að hlutfall bíla á nöglum hafi hækkað að undanförnu og sé nauðsynlegt að bregðast við því með einhverjum hætti. Bíll á nagladekkjum slíti malbiki um það bil hundraðfalt hraðar en bíll á óneglidum dekkjum. – **sg**

**» Bíll á nagladekkjum slítur malbiki um það bil hundraðfalt hraðar en bíll á óneglidum dekkjum.**

## Vinna gegn spillingu þykir ganga of hægt

**FJÁRMÁL** Ísland hefur ekki orðið að fullu við tilmælum GRECO, samtaka ríkja gegn spillingu innan Evrópuráðs, um aðgerðir til að koma í veg fyrir spillingu þingmanna. Í nýrri skýrslu kemur fram að orðið hafi verið við helmingi tilmæla að hluta til en ekki hinum helmingi tilmælanna.

Ísland hefur að hluta til orðið við öllum tilmælum til að koma í veg fyrir spillingu dómara. Varðandi ákærendur hefur Ísland orðið við helmingi tilmælanna á fullnægjandi hátt og helmingi að hluta til.

Tilmæli um gegnsæi við fjármögnun stjórnmálaflokka hafa verið uppfyllt á fullnægjandi hátt hér á landi, að mati GRECO. Í skýrslunni er ástandið 2016 metið í 49 löndum. Mat GRECO er að vinnan gegn spillingu gangi allt of hægt í Evrópu. – **ibs**

# Trump vildi fella niður rannsókn á Flynn

Donald Trump bað James Comey, fyrrverandi yfirmann FBI, að hætta rannsókn á fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa Bandaríkjanna samkvæmt vitnisburði Comeys. Trump gæti verið dreginn fyrir landsdóm fyrir að hafa hindrað réttlæti.

**BANDARÍKIN** „Ég þarfnast hollustu, ég geri ráð fyrir hollustu,“ sagði Donald Trump Bandaríkjaforseti við James Comey, fyrrverandi yfirmann alríkislögreglunnar FBI, yfir kvöldverði þeirra í janúar.

Trump bað Comey um að „létta þoku“ rannsóknarinnar af tengslum forsetaframboðs hans við Rússa og krafðist hollustu hans. Þetta segir í framburði Comeys fyrir þingnefnd sem hefur verið birtur í heild sinni.

Comey mun bera vitni í dag fyrir leyniþjónustunefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings. Það verður í fyrsta skipti sem hann tjáir sig opinberlega eftir að Trump rak hann 9. maí. Trump sagði sjálfur að hann hefði rekið Comey vegna rannsóknar FBI á meintum tengslum framboðs hans við Rússa.

Vitnisburðurinn verður líklega miðpunktur í rannsókn þess efnis að Trump hafi hindrað réttvísi, en ef það reynist rétt gæti verið hægt að draga hann fyrir landsdóm og hann jafnvel þurft að segja af sér embætti.

Comey segist hafa svarað Trump þegar hann bað hann um hollustu að hann gæti boðið honum hreinskilni. Trump hafi þá beðið hann um „hreinskilna hollustu“. Comey sagðist geta veitt honum hana samkvæmt frétt AP-fréttastofunnar.

Enn fremur mun Comey greina frá því að Trump hafi beðið hann um að láta rannsóknina á Michael Flynn, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa Trumps, falla niður. Flynn sagði af sér eftir að hann varð margsaga um samskipti sín við rússneska embættismenn innan við mánuði eftir að hann tók við sem þjóðaröryggisráðgjafi.




**James Comey, fyrrverandi yfirmaður FBI, mun bera vitni í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**» Comey segist hafa byrjað að halda minnisblöð um samskipti sín við Trump eftir fund þeirra þann 6. janúar. Hann hélt ekki slík minnisblöð um fundi sína við Barack Obama, fyrrverandi bandaríkjaforseta.**

Þá mun Comey segja frá því að Trump hafi ítrekað þrýst á hann um að gefa út opinbera yfirlýsingu um að hann væri sjálfur ekki til rannsóknar vegna tengsla við Rússland. Forsetinn spurði Comey einnig um hvað væri hægt að gera til að „létta þokunni“ yfir Trump vegna rannsóknarinnar í símtali 30. mars samkvæmt frétt New York Times.

Samkvæmt því sem kemur fram í skriflega framburðinum mun Comey staðfesta að hann hafi sagt Trump að hann væri ekki persónulega til rannsóknar. Trump þakkaði Comey í uppsagnarbréfinu fyrir að hafa í þrígang fullvissað hann um að hann væri ekki sjálfur til rannsóknar.

kjartank@365.is
saeunn@frettabladid.is

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

# Forseti Íslands gæti tæknilega séð hafnað dómurunum

**DÓMSMÁL** „Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir að forseti neiti að undirrita stjórnarathöfn. Ef hann neitar að undirrita stjórnarathöfn að tillögu ráðherra þá getur hún ekki tekið gildi,“ segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ.

Ríflega 4.200 manns hafa undirritað áskorun til forseta Íslands og hvatt hann til að synja samþykkt Alþingis um skipan dómara í Landsrétt. Samþykktin hefur vakið gagnrýni, m.a. vegna vísbendinga um að lög verið brotin í ferlinu.

„Það er grundvallarmunur á hvort forseti neitar að undirrita lög eða neitar að undirrita skipun embættismanna því stjórnarskráin gerir ráð fyrir að forseti geti neitað að undirrita lög. Ef forseti neitar að undirrita lög þá taka þau strax gildi og síðan þarf að setja þau í þjóðaratkvæði svo þjóðin eigi lokaorðið. En þegar ráðherra leggur fyrir forseta tillögur til undirritunar, eins og milliríkjasamninga eða tillögu um þingrof, er gert ráð fyrir að forseti samþykki slíkt og undirriti. Það er hins vegar ljóst að ákvörðun getur ekki tekið gildi nema báðir undirriti, ráðherra og forseti.“

Björg vísar til 19. greinar stjórnarskrár: „Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.“

Eitt fordæmi er fyrir því að forseti neiti að undirrita slíkan gjörning ráðherra með rökstuddri yfirlýsingu, en Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti, neitaði að rita undir þingrofsbeiðni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í apríl 2016.

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, greindi frá því á laugardag eftir samtal við forseta að sá síðarnefndi hygðist taka sér tíma og fara vel yfir málið. Björg segir engin tímamörk hvíla á forsetanum. „Það er hvergi gert ráð fyrir frestum sem forseti hefur, ekki frekar en í öðrum stjórnarathöfnum sem hann undirritar, enda gert ráð fyrir að hann undirriti þær.“

Krafan á forsetann nú snýst m.a. um að vegna yfirvofandi dómsmála beri Guðna að synja tillögunni staðfestingar. „Það væri í hæsta máta óvenjulegt og í mínum huga ósennilegt. Ég held að honum stæði nær að búast við að dómstólar leysi úr slíku.“

snaeros@frettabladid.is

**Ég held að honum stæði miklu nær að búast við því að dómstólar myndu leysa úr slíku máli.**

Björg Thorarensen, lagaprófessor



# OECD spáir batnandi tímum og hagvexti

**EFNAHAGSMÁL** Útlit er fyrir að hagvöxtur muni aukast í alþjóðahagkerfinu, þó er þörf á auknum aðgerðum til að tryggja að jákvæð áhrif hagvaxtar og alþjóðavæðingar dreifist betur. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.

„Eftir fimm ár af dræmum vexti eru merki um batnandi tíma,“ sagði framkvæmdastjóri OECD, Angel Gurría, um skýrsluna á fundi í París. „Þörf er á dýpri, sjálfbærari og samheldnari skuldbindingu um stefnu hjá ríkisstjórnum sem styðja við alla íbúa og aukna framleiðni.“ Hann sagði þörf á alþjóðavæðingu sem virki fyrir alla.

Samkvæmt skýrslu nni mun landsframleiðsla á alþjóðavísu aukast úr þremur prósentum árið 2016 í 3,6 prósent árið 2018. **– sg**

**» Ný skýrsla OECD sýnir að hagvöxtur kemur til með að aukast í alþjóðahagkerfinu á næstunni.**

# Hafna reiðufé á kvöldin

**DANMÖRK** Frá og með næstu áramótum geta verslanir, kaffihús og veitingastaðir í Danmörku neitað að taka við greiðslu í reiðufé eftir klukkan 22 á kvöldin til klukkan sex á morgnana.

Á svæðunum þar sem rán eru algeng geta verslanir neitað að taka við reiðufé þegar frá klukkan 20 á kvöldin.

Tilgangurinn með nýju lögunum er að draga úr hættunni á ránum. **– ibs**

# Rukkuðu 70 milljónir í Kerið

## Kerfélagið hagnaðist um 30 milljónir króna í fyrra á því að rukka aðgangseyri í Grímsnesi. Um 150 þúsund ferðamenn heimsóttu Kerið og aðrir landeigendur eru byrjaðir eða í startholunum með að hefja gjaldtöku.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kerfélagið, eigandi Kersins í Grímsnesi, hagnaðist um 30 milljónir króna í fyrra þegar það rukkaði inn 70 milljónir í aðgangseyri. Tekjur félagsins jukust þá um 42 milljónir milli ára en að sögn Óskars Magnússonar, stjórnarformanns Kerfélagsins, heimsóttu um 150 þúsund manns eldgíginn í fyrra. Gjaldtaka er hafin á fleiri ferðamannastöðum á náttúruminjaskrá og aðrir landeigendur með áform um slíkt.

„Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um arðgreiðslu enda eru fram undan dýrar framkvæmdir. Við höfum átt fyrir öllu sem við höfum gert og ætlum að halda því áfram,“ segir Óskar, aðspurður hvort hann og aðrir eigendur Kerfélagsins, athafnamennirnir Sigurður Gísli Pálmason, Jón Pálmason og Ásgeir Bolli Kristinsson, ætli að greiða sér arð út úr félaginu.

Gjaldtaka við Kerið hófst sumarið 2013 og er aðgangseyrir þar nú 400 krónur með virðisaukaskatti. Það er sama upphæð og landeigendur við Helgafell á Snæfellsnesi hófu að rukka þá sem ganga á fellið í mars síðastliðnum. Aðgangur að Víðgelmi í Hallmundarhrauni í Borgarfirði hefur síðan í maí í fyrra kostað 6.500 krónur. Um 8.000 manns skoðuðu hellinn í fyrra samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu The Cave sem sér um leiðsögn þar. Gjaldtaka í Raufarhólshelli í Þrengslum hófst í byrjun júní og þar kostar 4.900 krónur á mann. Að auki stendur til að rukka á bilinu 500 til 700 krónur fyrir notkun bílastæða við Seljalandsfoss, hefja gjaldtöku við Kolugljúfur í Víðidalsá í Húnaþingi vestra, og landeigendur við Reynisfjöru hafa boðað að bílastæðagjald verði innheimt. Í langflestum tilfellum hafa landeigendur gefið út að aðgangseyrir fari í að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks og verndun náttúrunnar fyrir átroðningi.



Eigendur Kersins í Grímsnesi hófu að rukka fyrir aðgang að eldgígnum sumarið 2013 og hafa fleiri landeigendur víða um land fylgt í kjölfarið. Aðgangseyrir í Kerið er nú 400 krónur með virðisaukaskatti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Eftir að Þingvellir fóru að taka gjald þá er þessi fyrirstaða sem var farin þegar sjálfur þjóðgarðurinn og ríkisvaldið gengur fram fyrir skjöldu,“ segir Óskar og vísar í að gjaldtaka fyrir bílastæði í þjóðgarðinum á Þingvöllum hófst um miðjan maí í fyrra.

„Við höfum ekki sótt um neina styrki og byrjuðum strax sumarið 2013 á ýmsum endurbótum sem hefur verið haldið áfram eftir því sem tekjur hafa vaxið. Í fyrra reistum við viðamikinn pall á aðalútsýnissvæðinu og fyrsta áfanga að tröppum á neðsta svæði Kersins. Í það fengum við sérsmíðað úr íslensku lerki úr Kjarnaskógi. Síðan erum við á hverju ári að keyra fleiri hundruð hjólbörur af rauðamöl í stígana, höfum stækkað bílastæðið og ætlum að reisa klósett og aðstöðuhús fyrir starfsfólk um leið og leyfi skipulagsyfirvalda fæst. Þetta eru framkvæmdir fyrir tugi milljóna sem við erum búin að safna fyrir núna,“ segir Óskar.

haraldur@frettabladid.is

**Eftir að Þingvellir fóru að taka gjald þá er þessi fyrirstaða sem var farin þegar sjálfur þjóðgarðurinn og ríkisvaldið gengur fram fyrir skjöldu.**

Óskar Magnússon, stjórnarformaður Kerfélagsins





RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

**Range Rover Evoque SE**
**dísil, sjálfskiptur. Verð 6.490.000 kr.**

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins hefur verulega sótt í sig veðrið undanfarnar vikur í kosningabaráttunni. Ekki er hægt að útiloka að Corbyn sigri. Hryðjuverkaárásirnar þrjár sem gerðar hafa verið á síðustu þremur mánuðum í Bretlandi eru taldar geta haft áhrif á kosningarnar. Venjulega hafa slíkar árásir það í för með sér að fylgi íhaldsflokka eykst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# May spáð sigri í kosningunum í dag

Útlit er fyrir að Íhaldsflokkurinn beri sigur úr býtum í þingkosningunum í Bretlandi í dag. Bilið milli Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins hefur þó minnkað verulega, en búist var við stórsigri Íhaldsflokksins framan af. Niðurstöður liggja fyrir á föstudagsmorgun.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**BRETLAND** Bretar ganga til þingkosninga í dag og velja sér forsætisráðherra. Skoðanakannanir benda til þess að Íhaldsflokkurinn muni bera sigur úr býtum og að Thereasa May, leiðtogi hans, verði áfram forsætisráðherra.

Búist var við því að Íhaldsflokkurinn myndi vinna stórsigur þegar May boðaði til kosninganna þann 18. apríl síðastliðinn, þremur árum áður en kosningar áttu að eiga sér stað. Þá mældist Íhaldsflokkurinn með 43 prósenta fylgi en Verkamannaflokkurinn einungis með 25,4 prósenta fylgi. Bilið milli stærstu flokkanna tveggja hefur þó dregist verulega saman undanfarnar vikur. Samkvæmt síðustu könnunum mælist Íhaldsflokkurinn með um 43 prósenta fylgi, en Verkamannaflokkurinn með 37 prósenta fylgi.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur sótt í sig veðrið undanfarnar vikur í kosningabaráttunni og ekki er hægt að útiloka að flokkur hans beri sigur úr býtum. Washington Post greinir frá því að í aðdraganda kosninganna hafi May átt í erfiðleikum með að heilla kjósendur á kosningaviðburðum á meðan Corbyn hafi verið afslappaðri og náð auknum vinsældum.

> **»** Nýr leiðtogi breska þingsins mun leiða þjóðina í Brexit-viðræðum og hafa töluverð áhrif á hvernig samningar verða við önnur Evrópuríki um viðskipti og fólksflutninga.

> **18.**
> apríl síðastliðinn boðaði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, til kosninganna, þremur árum áður en þær áttu að eiga sér stað.

Búist er við fyrstu niðurstöðum úr kosningunum snemma á föstudagsmorgun. Ef fer sem kannanir segja mun Íhaldsflokkurinn bæta við sig 45 sætum og vera með 375 sæti í breska þinginu. Einnig mun Verkamannaflokkurinn fá fleiri sæti en í kosningunum árið 2015. Spáð er því að Breski sjálfstæðisflokkurinn (UKIP) fái fjögur prósent atkvæða og að Frjálslyndir demókratar fái 8,1 prósent atkvæða.

Washington Post greinir frá því að skoðanakannanir hafi hins vegar ekki verið mjög nákvæmar í að spá fyrir um úrslit í breskum kosningum undanfarin árin. Í þingkosningunum árið 2015 var talið að Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, myndi ná kjöri sem forsætisráðherra en svo varð ekki. Einnig var því ekki spáð að Bretar myndu kjósa að yfirgefa Evrópusambandið sem varð raunin í júní á síðasta ári.

Stóru baráttumálin í þessum kosningum eru meðal annars heilbrigðiskerfið sem Verkamannaflokkurinn vill auka fjárveitingar til, sem og önnur velferðarmál þar sem Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn eru ósammála um fjárveitingar.

Á síðustu þremur mánuðum hafa þrjár hryðjuverkaárásir átt sér stað í Bretlandi og er talið að þetta muni hafa áhrif á kosningarnar. Venjulega hafa slíkar árásir það í för með sér að fylgi íhaldsflokka eykst. May var þó áður innanríkisráðherra og gæti því verið gagnrýnd vegna árásanna þar sem hún sá um fjárveitingar til vopnaðra lögreglumanna á Englandi og í Wales.

Nýr leiðtogi breska þingsins mun leiða þjóðina í Brexit-viðræðum og hafa töluverð áhrif á hvernig samningar verða við önnur Evrópuríki um viðskipti og fólksflutninga á komandi árum.

**saeunn@frettabladid.is**

## Mikil spenna í Lundúnum

„Það er mjög góð stemning í Lundúnum og ekki nokkur leið að glöggva sig á því að hér hafi verið framið skelfilegt hryðjuverk fyrir nokkrum dögum. Það er mikil spenna í loftinu í aðdraganda kosninganna. Enda kosningarnar miklu tvísýnni en kannanir bentu til framan af,“ þetta segir Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður Stöðvar 2, sem staddur er í Lundúnum til að fylgjast með kosningunum.

„Forskot Íhaldsflokksins er komið niður í sex til átta prósentustig. Svo kom könnun frá YouGov sem sýnir að það er enginn með meirihluta á breska þinginu sem væri stórmerkilegt ef það verður niðurstaðan. En þeir nýta nýja tækni við gerð skoðanakannana þannig að það er kannski spurningarmerki sem maður setur við hversu áreiðanleg sú könnun er. En þetta eru mjög spennandi kosningar, það er miklu meiri spenna en fyrirfram var búist við í ljósi þess hversu vel hefur gengið hjá Verkamannaflokknum að saxa á það forskot sem Íhaldsflokkurinn hafði,“ segir Þorbjörn.

> Það er mikil spenna í loftinu í aðdraganda kosninganna.

Hann telur að margir samverkandi þættir hafi áhrif á afstöðu breska kjósenda til þessa kosninga. „Menn voru að reyna að byggja á lögreglu og öryggismálum eftir árásina á London Bridge, en svo eru kannanir sem benda til þess að kjósendur séu að láta önnur mál á oddinn.“

Þorbjörn segir harða kosningabaráttu standa yfir sem sérstaklega megi lesa út úr umfjöllun götublaðanna.



**Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður á Stöð 2.**





FRUMSÝNING
FIAT
TIPO
HATCHBACK
Verð frá 2.990.000
Laugardaginn 10. júní
Opið frá 12 - 17
fiat.is
5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


F&F
20% afsláttur
af öllum sundfatnaði
dagana 8.-12. júní
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Neikvæð efnahagsleg áhrif líklega þegar komin fram í Katar

**KATAR** Vísbendingar eru um að ákvörðun arabaríkja um að slíta stjórnmálasambandi við Katar hafi nú þegar haft skaðleg efnahags- og félagsleg áhrif á landið. Business Insider greinir frá því að að á síðustu dögum hafi áhyggjuástand myndast í nokkrum atvinnugreinum, meðal annars í vöruflutningum, matvælum, hjá flugfélögum og á fjármálamarkaði.

Sádi-Arabía, Egyptaland, Barein, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen ákváðu á dögunum að slíta stjórnmálasambandi við Katar og sökuðu ríkin yfirvöld þar í landi um að styðja við hryðjuverkahópa. Nú hafa sjö ríki slitið stjórnmálasambandi við Katar.

Mikill innflutningur er á matvælum frá Sádi-Arabíu til Katars og hafa íbúar í Katar lýst yfir áhyggjum af því að landið gæti orðið uppiskroppa með mat vegna ákvörðunarinnar.

Einnig verður erfitt að flytja út vörur frá Katar, verið er að skoða nýjar leiðir til þess sem getur hægt á útflutningi og verið gríðarlega kostnaðarsamt.

Líklega mun ákvörðunin einnig hafa áhrif á flugflota landsins þar sem lofthelgi landsins er frekar lítil og þurfa flugfélög að fljúga um lofthelgi Barein, Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

Katarar neita ásökununum og kallar utanríkisráðherra landsins, Mohammed Bin Abdulrahman al-Thani, eftir viðræðum við nágrannaríkin. **– sg**


**Katarar óttast vöruskort í landinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Sádi-Arabía, Egyptaland, Barein, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Jemen ákváðu að slíta stjórnmálasambandi við Katar.**






# Byggðastofnun á hluti að 1,2 milljarða virði

**Byggðastofnun á hluti í fjölmörgum fyrirtækjum á landsbyggðinni. Sumir hlutanna hafa verið í eigu stofnunarinnar í yfir áratug. Stofnuninni ber að selja hlutina svo fljótt sem kostur er. Að sögn forstjórans er áhugi fjárfesta misjafn.**

**VIÐSKIPTI** Byggðastofnun á eignarhluti í 37 fyrirtækjum á landsbyggðinni sem voru samtals bókfærðir á tæplega 1,2 milljarða króna í ársreikningi stofnunarinnar í fyrra. Samkvæmt eigendastefnu stofnunarinnar skal hún almennt ekki vera beinn þátttakandi í atvinnurekstri og selja eignarhluti sína svo fljótt sem kostur er.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að hlutir stofnunarinnar í fyrirtækjum séu ávallt til sölu og auglýstir á heimasíðu hennar. Áhuginn á hlutunum sé hins vegar „afskaplega misjafn“.

Byggðastofnun á meðal annars eignarhlut í nokkrum félögum í hótelrekstri sem og fasteignafélögum hótelbygginga. Hlutirnir hafa flestir verið í eigu stofnunarinnar um árabil og hefur hún sem dæmi átt hlut í Grand Hóteli Mývatni ehf. frá árinu 2002 og Hótel Flúðum hf. frá árinu 2003. Auk félaga í ferðaþjónustu og fasteignarekstri á Byggðastofnun hluti í ýmsum félögum, svo sem á sviði fjárfestinga, iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs, verslunar og þjónustu.

Samkvæmt eigendastefnu Byggðastofnunar, sem samþykkt var árið 2014, skal „fjárhagsleg fyrirgreiðsla almennt miðast við að stofnunin sé ekki beinn þátttakandi í atvinnurekstri“. Er sérstaklega tekið fram að markmið stofnunarinnar sé að selja hluti sína svo fljótt sem kostur er. Þó er henni heimilt að eiga allt að 30 prósenta hlut í fyrirtækjum ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnarinnar.



**Í eigendastefnu Byggðastofnunar segir að markmið stofnunarinnar sé að selja eignarhluti sína svo fljótt sem kostur er.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það er alltaf verið að selja eitthvað af þessu. Félögin voru mörg fyrir nokkrum árum, um áttatíu talsins, en eru nú færri en fjörutíu.**
>
> Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar



Aðalsteinn segir eignarhlutum Byggðastofnunar hafa fækkað verulega á undanförnum tveimur til þremur árum. „Það er alltaf verið að selja eitthvað af þessu. Félögin voru mörg fyrir nokkrum árum, um áttatíu talsins, en eru nú færri en fjörutíu.“ Hann nefnir að Byggðastofnun hafi ekki keypt beint hluti í félögum í mörg ár, meðal annars vegna samkeppnissjónarmiða, en stofnunin hafi eignast töluvert af hlutum vegna skuldaskila í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

Eins og áður sagði hafa margir eignarhlutir stofnunarinnar verið til sölu í yfir áratug. Aðalsteinn viðurkennir að sumir hlutanna þyki ekki spennandi fjárfestingarkostir einhverra hluta vegna. Áhugi fjárfesta á hlutunum sé afskaplega misjafn og fari eftir ýmsu, til dæmis stærð þeirra og rekstri umræddra fyrirtækja.

Aðspurður segir Aðalsteinn jafnframt að Byggðastofnun gæti hagsmuna sinna og fylgist með rekstri fyrirtækjanna, rétt eins og kveðið er á um í eigendastefnunni. „Ef eignarhlutirnir eru það stórir að þeim fylgir réttur til að tilnefna stjórnarmann gerum við það alltaf.“
**kristinningi@frettabladid.is**



















Keeper L
VINNUR Á
ÖLLU ILLGRESI

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ástand heimsins
















**1** TAÍLAND Starfsmenn auglýsingastofu í Bangkok með gæludýr sín á vinnustaðnum. Yfirmenn fyrirtækisins eru á því að það að hafa dýrin á vinnustaðnum dragi úr stressi, bæti starfsandann og auki afköst.

**2** KÍNA Kennarar í Peking hvetja nemendur sína áfram áður en þeir þreyta próf sem ákveður hvort og í hvaða háskóla þeir komast. 9,4 milljónir þreyta prófið nú. Það í hvaða skóla þú kemst getur haft úrslitaáhrif á hvort þú kemst í ríkisstarf síðar meir. Þeir sem komast í slíkt starf þurfa litlar áhyggjur að hafa.

**3** SPÁNN Tugþúsundir spænskra nema þreyttu í gær fyrsta prófið af mörgum í inntökuferli háskóla þar í landi.

**4** SUÐUR-KÓREA Hrísgrjónabóndi horfir upp á skrælnaðan akur sinn. Lítið rignir í landinu þar til monsúntímabilið hefst.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Upprapp á
Esjunni í dag!
Yfirlitstónleikar á toppi Esju kl. 18:30
DJ Þura Stína
Emmsjé Gauti
Aron Can
Úlfur Úlfur
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
www.nova.is

# 12 prósent noti almenningssamgöngur

**Til að unnt sé að byggja upp Borgarlínu þarf að þétta byggð og þrengja að einkabílnum. Fyrstu drög að legu línunnar voru kynnt á sameiginlegum fundi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í gær. Horft ár og áratugi fram í tímann, segja þeir sem eiga aðkomu að verkefninu.**

**SAMGÖNGUR** Áætlað er að kostnaður við uppbyggingu Borgarlínu sé um 1,10-1,15 milljarðar króna á hvern kílómetra. Kostnaður við heildarnetið gæti því orðið á bilinu 63-70 milljarðar króna. Við matið er miðað við verðlag ársins 2017.

Fyrstu tillögur um legu Borgarlínu voru kynntar á sameiginlegum fundi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í gær. Verkefnið, sem ýtt var úr vör árið 2015, er nú statt í svokölluðum skimunar- og vinsunarfasa. Stefnt er að því að endanleg tillaga að legu línunnar liggi fyrir í haust og hægt verði að hefja umhverfismat, aðlaga skipulag og auglýsa í árslok.

Í gær var gefin út skýrsla með fyrstu tillögum dönsku verkfræðistofunnar COWI úr valkostagreiningu fyrir línuna. Fyrir lágu sextán mögulegar samgöngulínur sem metnar voru. Að mati loknu standa sjö valkostir eftir sem komu best út úr greiningunni og stofan telur að rétt sé að vinna áfram.

Í skýrslunni kemur fram að til að mögulegt sé að hugmyndir um Borgarlínu gangi upp sé nauðsynlegt að bæta og styðja við núverandi almenningssamgangnakerfi. Það þýði einnig að nauðsynlegt sé að þétta byggð í kringum Borgarlínuna, gefa almenningssamgöngum forgang á kostnað einkabílsins, vera með bílastæðastefnu sem takmarkar aðgengi einkabílsins og búa til framúrskarandi aðstæður fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur.

„Ef íbúum höfuðborgarsvæðisins heldur áfram að fjölga verðum við að ferðast meira saman ef samgöngukerfið á að ganga upp,“ segir Lilja G. Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá Viaplan. Hún vann að valkostagreiningunni ásamt COWI. Niðurstöður greiningarinnar nú benda til þess að ekki sé grundvöllur fyrir léttlestakerfi sem stendur en hins vegar ætti hraðvagnakerfi að geta staðið undir sér. Þó er lagt til að halda þeim möguleika opnum að breyta línunni í léttlestakerfi ef aðstæður til þess skapast síðar meir.

„Umræðan hefur oft snúist um að hér eigi að fara að byggja upp rándýrt lestakerfi en svo er alls ekki. Ég hef líkt þessu við stóran rafmagnsstrætó sem ekur um í sérrými,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi og formaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Áætlað er að SSH ýti verkefninu úr vör en síðar verði sérstakt félag stofnað utan um reksturinn.

Í ræðum allra framsögumanna fundarins var tekið sérstaklega fram að nú lægju aðeins fyrir drög að skipulagstillögum. Ekki væri um niðurneglda framkvæmdaáætlun að ræða. Tillagan núna gæti því tekið talsverðum breytingum í ferlinu og á næstu árum.

„Markmiðið er að árið 2040 muni tólf prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins velja að ferðast með almenningssamgöngum,“ segir Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH. Það er nokkuð framsækið markmið en sem stendur velja um fjögur prósent almenningssamgöngur. „Það er ljóst að það verður að byggja upp fyrir framtíðina annars gerist það ekki.“

Valkostagreininguna auk ítarefnis má finna á heimasíðu verkefnisins, borgarlinan.is. Öllum gefst kostur á að kynna sér tillögurnar og senda inn athugasemdir. Frestur til þess rennur út 20. júní næstkomandi.

johannoli@frettabladid.is

> **Ég hef líkt þessu við stóran rafmagnsstrætó sem ekur um í sérrými.**
>
> Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi



> **Ef íbúum höfuðborgarsvæðisins heldur áfram að fjölga verðum við að ferðast meira saman.**
>
> Lilja G. Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur



## Niðurstaða valkostagreiningarinnar




Möguleikarnir sem komu best út og fara í frekara mat. Þeirri vinnu lýkur í haust. Framkvæmdir gætu hafist 2019.

### Fífuhvammsvegur við Lindasmára




### Hafnarfjarðarvegur við Hraunholt




### Til hvers var litið?

Við valkostagreininguna var horft til átta þátta. Þar má nefna stofn- og rekstrarkostnað, þróunarmöguleika, farþegagrunn, þjónustustig og áskoranir í framkvæmdagerð.

Þær leiðir sem verst komu út úr matinu voru útilokaðar frá frekara mati.

### Hvað er Borgarlína?

Á heimasíðu Borgarlínunnar, borgarlinan.is, er línunni lýst sem „nýju og afkastamiklu kerfi almenningssamgangna“ sem er í undirbúningi hjá SSH. Þá er talið að hún sé forsenda þess að hægt sé að þétta byggð í sveitarfélögunum. Verið er að horfa ár og áratugi fram í tímann með línunni. Gert er ráð fyrir að ferðir línunnar verði á um sjö mínútna fresti.

Áætlanir gera ráð fyrir að íbúum höfuðborgarsvæðisins muni fjölga um 70 þúsund á næstu tveimur áratugum. Vonast er til þess að með tilkomu línunnar muni fleiri kjósa að ferðast með almenningssamgöngum. Hér fyrir ofan má sjá dæmi um hvernig línan gæti litið út.

Opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða

LÍFSVERK

Aukaaðalfundur Lífsverks lífeyrissjóðs

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs boðar til aukaaðalfundar fimmtudaginn 22. júní kl. 17:00 að Engjateigi 9, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Tillögur lúta að ráðstöfun samkomulagsbóta frá VÍS og innleiðingu á tilgreindri séreign samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Nánari upplýsingar á vefsvæði sjóðsins.

LÍFSVERK lífeyrissjóður
Engjateigur 9, 105 Reykjavík, lifsverk.is



Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Búskapurinn í uppnámi

**VEÐUR** Mikill kuldi á sumartíma í Vallanesi hefur áhrif á grænmetisræktun, að sögn Eymundar Magnússonar bónda. „Byggið er að gægjast upp og voðalega hissa þegar það fær þessar móttökur, sama með salatið. Við erum búin að planta miklu af salati. En það gerist ekkert þegar er svona kalt.“ Hann segir byggið helst þrjóskast upp. „Maður sér í svona veðri hvað skjól skiptir miklu máli.“

Eymundur er jákvæður þó að kuldinn setji strik í reikninginn. „Maður verður að taka Pollýönnu þegar svona er því að auðvitað getum við alltaf reiknað með að veðrið hagi sér svona. En maður horfir á salatið. Það er ekkert að gerast. Það þýðir það að við komum seinna inn á markaðinn.“

Honum finnst leiðinlegt að láta kúnnana bíða. „Það var verið að planta grænkálinu í gær og þau eru frekar kuldaleg. En við setjum það strax undir dúk. Það munar heilmiklu. Það eru alltaf einhverjar bjargir.“ – sg


MAN OF TODAY
NEW BOSS BOTTLED TONIC
BOSS
HUGO BOSS
TONIC
BOSS
HUGO BOSS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM 8.-14 JÚNÍ
FINNDU ÞINN HUGO BOSS ILM OG FÁÐU VEGLEGAN KAUPAUKA FRÍTT MEÐ*
*á meðan birgðir endast
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

markhönnun ehf

# nettó

## Grilla um helgina



KENGÚRU FILLE
FROSIÐ
2.399 KR/KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

-40%



NAUTALUNDIR
DANISH CROWN FROSNAR
2.999 KR/KG

Verð sprengja!



KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR FROSNAR
1.184 KR/PK



LÚXUSBORGARI
2X120 GR.
OSTUR, BACON,
BBQ SÓSA & BRAUÐ
958 KR/PK
ÁÐUR: 1.198 KR/PK

-20%



-30%

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
NEW YORK. FRÁ KJARNAFÆÐI.
1.399 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG

Girnilegt og gott




-25%

X-TRA FRANSKAR
KARTÖFLUR Í OFN. 1 KG.
299 KR/PK
ÁÐUR: 399 KR/PK



-34%

NETTÓ VÍNARPYLSUR
10 STK.
348 KR/PK
ÁÐUR: 528 KR/PK




20% afsláttur af Santa Maria




130 KR AFSLÁTTUR

RISTORANTE PIZZA
MOZZARELLA. 26 CM.
299 KR/PK
ÁÐUR: 429 KR/PK




VEGAN

-20%

SVENSKA MOROTSBIFFAR
FINDUS. 360 GR.
631 KR/PK
ÁÐUR: 789 KR/PK

FALAFEL LEBANES
FINDUS. 450 GR.
495 KR/PK
ÁÐUR: 619 KR/PK

GRÖNSAKSBULLAR
FINDUS. 450 GR.
535 KR/PK
ÁÐUR: 669 KR/PK

**Tilboðin gilda 8. - 11. júní 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




-30%

**GRILL LAMBARIF**
KJÖTSEL
**699 KR KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~

*Allt á grillið!*



-25%

**GRÍSARIF**
BABY BACK Í BBQ
**1.499 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

*Elduð vara þarf aðeins að hita á grillinu*



-27%

**GRÍSAKÓTILETTUR**
PIPAR MARINERAÐAR
**1.094 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.498 KR/KG~~



-23%

**DÁDÝRALUNDIR** FROSNAR
**4.541 KR KG**
ÁÐUR: ~~5.898 KR/KG~~

-50%

**KIRSUBER**
400 GR FATA
**399 KR FATAN**
ÁÐUR: ~~798 KR/FATAN~~






-20%

**X-TRA KREMKEX**
SÚKKULAÐI 500 GR.
**295 KR PK**
ÁÐUR: ~~369 KR/PK~~




-25%

**GRANÓLA 425 GR.**
CACAO & TANGERINE
**599 KR PK**
ÁÐUR: ~~799 KR/PK~~

**GRANÓLA 425 GR.**
FIG & CRANBERRY
**599 KR PK**
ÁÐUR: ~~799 KR/PK~~

-51%



**SPIDERMAN EGGS**
10 GR.
**98 KR STK**
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~




-20%

**NESTLE SMARTIES**
3 X 38 GR.
**159 KR PK**
ÁÐUR: ~~199 KR/PK~~

-30%




**TWIX 4 PACK**
SNACKSIZE 160 GR.
**209 KR PK**
ÁÐUR: ~~298 KR/PK~~




-34%

**SÚKKULAÐIBITAKAKA**
QUICKBURY. 300 GR.
**197 KR STK**
ÁÐUR: ~~298 KR/STK~~




CAVALIER
BELGIAN CHOCOLATIER

**ALLT CAVALIER Á 25% AFSLÆTTI**

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Ísafjörður · Egilsstaðir · Selfoss



**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**













## MARKAÐURINN



Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason, fyrrverandi varaformenn framkvæmdahóps stjórnvalda um afnám hafta, kynntu aðgerðir stjórnvalda í Hörpu þann 8. júní árið 2015, fyrir réttum tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Erlendu ráðgjafarnir fengu mun hærri laun

**Stjórnvöld greiddu ráðgjöfum yfir 450 milljónir króna fyrir vinnu við afnám gjaldeyrishafta á árunum 2013 til 2015. Lögmannsstofa Lees C. Buchheit fékk langmest í sinn hlut. Kostnaðurinn var stundum langt umfram áætlanir.**

Stjórnvöld greiddu erlendum ráðgjöfum hátt í 380 milljónir króna á árunum 2013 til 2015 fyrir vinnu við afnám gjaldeyrishafta. Innlendir ráðgjafar stjórnvalda fengu margfalt minna, eða um 73 milljónir króna, í sinn hlut.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um kaup ráðuneyta á sérfræðiþjónustu sem birt var í síðustu viku. Lögmannsstofan Cleary Gottlieb Steen & Hamilton LLP fékk, af öllum ráðgjöfum stjórnvalda, langmest í sinn hlut, um 239 milljónir króna, en Lee C. Buchheit, einn eigandi stofunnar, stýrði vinnu stofunnar í verkefninu.

Þá greiddu stjórnvöld Glenn Victor Kim, fjármálaráðgjafa hjá LC Capital, sem veitti framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám hafta forystu, 95,1 milljón króna á árunum 2014 og 2015.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því í skýrslunni að kostnaður vegna vinnu Kims og lögmannsstofu Buchheits hafi verið langt umfram það sem kveðið var á um í samningum stjórnvalda við ráðgjafana tvo.

Ríkisendurskoðun fjallar um ráðgjafarkostnað vegna vinnu við afnám hafta í skýrslunni, en stofnunin kannaði með hvaða hætti stjórnvöld stóðu að kaupum á þjónustu nokkurra sérfræðinga vegna vinnunnar. Ekki er um tæmandi yfirlit að ræða.

Í skýrslunni kemur fram að stjórnvöld greiddu Benedikt Gíslasyni, sem var ráðgjafi fjármálaráðherra í haftamálum og sat auk þess í framkvæmdahópi stjórnvalda, 14,8 milljónir króna árið 2014 og 11,1 milljón árið 2015.

Þá fékk Seapool ehf. í eigu Sigurðar Hannessonar, sem sat auk þess í framkvæmdahópnum, 10,8 milljónir króna greiddar árið 2015. Hélst kostnaðurinn innan áætlunar, að sögn Ríkisendurskoðunar.

Meltún ehf., sem er í eigu Eiríks S. Svavarssonar hæstaréttarlögmanns, veitti stjórnvöldum ráðgjöf vegna haftamála á árunum 2013 til 2015 og fékk tæpar þrjátíu milljónir króna greiddar fyrir. Eiríkur sat um tíma í umræddum framkvæmdahópi og veitti einnig ráðherranefnd um efnahagsmál ráðgjöf.

Anne Krueger, prófessor í hagfræði við John Hopkins-háskólann, veitti stjórnvöldum enn fremur ráðgjöf á árunum 2014 og 2015 og fékk fyrir það samtals 15,7 milljónir. Stjórnvöld greiddu auk þess ráðgjafarfyrirtækinu White Oak Advisory LLP 23,2 milljónir króna fyrir vinnu sína árin 2014 og 2015.

Þórir Óskarsson, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar, segir að samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum hafi vinnan við afnám hafta lotið að grundvallarhagsmunum ríkisins. Slíkir samningar falli ekki undir lög um opinber innkaup. Ríkisendurskoðun hafi því ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við að samið var við ráðgjafa án útboðs eða verðkannana.

Eins sýni Ríkisendurskoðun því skilning að kostnaður vegna þessara verkefna hafi í sumum tilfellum verið umfram það sem kveðið var á um í samningum. Oft hafi verið erfiðleikum bundið að sjá fyrirfram með nákvæmum hætti hver ráðgjafarkostnaðurinn yrði. Eftir sem áður sé ávallt brýnt að ráðuneyti geri raunhæfa og vandaða samninga, nýti undanþáguheimildir einungis þegar brýna nauðsyn ber til og haldi eins og kostur er í heiðri leiðbeiningar um opinber innkaup.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, segir muninn á launagreiðslunum til erlendu ráðgjafanna annars vegar og þeirra innlendu hins vegar ótrúlega mikinn, en „því miður hættir mörgum til að hafa meiri efasemdir um landa sína en útlendinga og það veldur meiri tortryggni þegar Íslendingar fá meira greitt en útlendingar.

Auk þess litu Sigurður og Íslendingarnir að mínu mati fyrst og fremst á þetta verkefni sem þjónustu við lýðveldið og samfélagið sem þeir ólust upp í fremur en vel launaða vinnu.

Það er hins vegar ekkert laungungarmál að verðmæti vinnu þeirra nemur stjarnfræðilegum upphæðum,“ segir Sigmundur Davíð.

**kristinningi@frettabladid.is**

### Greiðslur til ráðgjafa vegna afnáms hafta á árunum 2013 til 2015



**Lee C. Buchheit**
**239 milljónir**



**Sigurður Hannesson**
**10,8 milljónir**



**Glenn Victor Kim**
**95,1 milljón**



**Benedikt Gíslason**
**25,9 milljónir**



**Anne O. Krueger**
**15,7 milljónir**



**Eiríkur S. Svavarsson**
**30 milljónir**

# Breska tímavélin



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Gengið er til þingkosninga í Bretlandi í dag. Flest bendir til að Íhaldsmenn hafi nauman sigur og verji hreinan meirihluta sinn.

Það breytir því ekki að kosningabaráttan hefur verið stanslaus þrautaganga fyrir Theresu May forsætisráðherra. Þegar hún boðaði til kosninga um miðjan apríl hafði hún yfir tuttugu prósentustiga forskot á Verkamannaflokkinn. Dregið hefur saman með flokkunum síðan og er munurinn nú örfá prósentustig.

Segja má að hvert óhappið hafi rekið annað hjá May. Hið fyrsta var sennilega kosningaloforð um svokallaðan elliskatt, sem átti að láta aldraða greiða fyrir eigin umönnun með því að endurfjármagna fasteignir sínar. Óhætt er að segja að það hafi lagst illa í kjósendur og May var snöggelga gerð afturreka með málið.

May hefur vart látið sjá sig á almannafæri í kosningabaráttunni. Hún hefur gert lítið af því að mæta í viðtöl og skrópaði í kappræðum við andstæðinga sína. Þá sjaldan hún hefur gefið færi á sér hefur henni ekki tekist að láta ljós sitt skína. Engu er líkara en hana skorti sjálfstraust. Gárungarnir hafa hent gaman að því að í hvert skipti sem hún opni munninn veikist sterlingspundið.

Viðbrögð hennar við hryðjuverkaárásunum í London og Manchester hafa heldur ekki verið traustvekjandi. Upphrópanir um að kominn sé tími til að aftengja lagabálka um sjálfsögð mannréttindi hafa ekki borið vott um festu eða forystuhæfileika, heldur frekar lýðskrum. Vonandi sjá kjósendur í gegnum slíkt.

Á meðan May hefur haltrað gegnum kosningabaráttuna, hefur Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, vaxið ásmegin. Á dögunum lét hann hafa eftir sér að hann sæi endurkomu í spilunum sem jafnaðist á við frægan baráttusigur Liverpool gegn AC Milan í úrslitaleik Evrópukeppninnar um árið. Það yrði saga til næsta bæjar ef honum tækist ætlunarverk sitt.

Það breytir því þó ekki að Corbyn er frambjóðandi frá miðöldum. Stefnumál hans eru gamaldags vinstrihrærigrautur með áherslu á ríkisvæðingu og útgjöld sem ófyrirséð er hvernig á að fjármagna.

Í raun er magnað að eitt valdamesta ríki veraldar sé í þessari stöðu. Á leið í óvissuferð út úr Evrópusambandinu og að velja milli tveggja minni spámanna í stól forsætisráðherra.

Vafalaust hugsa margir að gott væri að geta snúið klukkunni tólf mánuði aftur í tímann og breytt niðurstöðunni úr Brexit-kosningunni sem kom þessu öllu af stað.

> Í raun er magnað að eitt valdamesta ríki veraldar sé í þessari stöðu. Á leið í óvissuferð út úr Evrópusambandinu og að velja milli tveggja minni spámanna í stól forsætisráðherra.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Íhlutunin**

**„Það vorum við sem rákum hana til baka vegna þess að við höfðum ekki hleypt fyrri listanum í gegn,“ sagði Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, á fundi flokksins í umræðum um Landsréttarmálið. Ástæðan er kynjasjónarmið en tillaga dómnefndar gerði ráð fyrir þriðjungi kvenna. Vert er að benda á að aðeins tveimur konum var bætt við listann í hræringum ráðherra og tveimur körlum ýtt upp, meira að segja þeim karli sem var metinn í 30. sæti á lista yfir hæfustu umsækjendur. Þingflokkur Viðreisnar var sem sagt gabbaður upp úr skónum af dómsmálaráðherra og stendur eftir með kynjagleraugun rammskökk á nefinu.**

**Viljaleysið**

**En uppljóstrun Hönnu bendir til þess að á bak við tjöldin hafi Viðreisn reynt að hlutast til um lista dómnefndarinnar. Það er í hrópandi ósamræmi við ræðu Pawels Bartoszek í pontu Alþingis vegna málsins þar sem hann sagði óheppilegt að stjórnmálamenn hefðu þetta vald. „Ég vil ekki leggja mat á stjórnsýslulegar ákvarðanir ráðherra, hvað þá að ég vilji leggja mat á málefnalegar ástæður sem ráðherra tiltekur. Ef ég geri það þá er fjandinn laus.“ Og þar rataðist Pawel satt á munn. Hlutast var til um tillögu dómnefndarinnar og fjandinn er laus.** snaeros@frettabladid.is

# Aðhald eða einkafjármagn



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður VG

Samþykkt ríkisfjármálaáætlunar næstu fimm ára hvarf aðeins í umræðunni um fúsk stjórnarflokkanna við skipan dómara í Landsrétt. Nú hefur stjórnarmeirihlutinn samþykkt þá sýn sem hann hefur á samfélagið næstu fimm árin. Og sú sýn á lítið skylt við loforðin sem hljómuðu svo vel fyrir kosningar, ekki síst þegar kemur að heilbrigðismálum.

Það virðist raunar hafa farið fram hjá mörgum að bæði Vinstri græn og Samfylking gerðu tillögur um úrbætur á fjármálaáætluninni. Raunar stóð stjórnarandstaðan samhent að tillögu um að áætluninni yrði vísað aftur til ráðherra sem mundi vinna hana betur.

Tillögur okkar í Vinstri grænum gengu út á það að stækka rammana; að auka bæði við tekjur og útgjöld ríkisins. Það kom nefnilega nokkuð á óvart að Viðreisn, sem kenndi sig við kerfisbreytingar, og Björt framtíð, sem kenndi sig við baráttu gegn fúski, skyldu gera það að sínu helsta baráttumáli að standa vörð um skattkerfið sem Bjarni Benediktsson kom á í tíð sinni sem fjármálaráðherra og fjármálaáætlun sem var svo mikið fúsk að fjármálaráð gaf henni falleinkunn.

Sýn ríkisstjórnarinnar fyrir næstu fimm árin er aðhald og hlutfallslegur samdráttur í samneyslunni þar sem öll útgjöld verða að rúmast innan hagsveiflunnar. Í staðinn fyrir að standa með þeirri stefnu, hafa ráðherrar og þingmenn stjórnarmeirihlutans hins vegar beitt talnaleikfimi til að fegra stöðuna.

Vinstri græn telja hins vegar rétt að auka við samneysluna. Við viljum fara í þá uppbyggingu innviða sem allir voru sammála um fyrir kosningar og við erum óhrædd við að tala fyrir auknum tekjum ríkisins. Við viljum hins vegar beita skattkerfinu sem jöfnunartæki, þannig að þau sem best hafi það leggi meira til samfélagsins. Því miður varð aðhaldskrafa hægri aflanna ofan á, en þó læðist að manni sá grunur að ríkisstjórnin muni ekki þora annað en að fara í uppbygginguna. Það fé mun hins vegar koma frá einkaaðilum, þar sem fjármálaáætlunin setur útgjöldum ríkisins skýran ramma. Og þá munu stjórnarliðar fara í rökleikfimi við að útskýra að það sé nú ekki einkavæðing.

> Tillögur okkar í Vinstri grænum gengu út á það að stækka rammana; að auka bæði við tekjur og útgjöld ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kveðjur frá Kaliforníu

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Fjölbreytni er jafnan talin eftirsóknarverð, svo í mannlegu félagi sem í ríki náttúrunnar.

Ráðdeildarsamt fólk setur eggin sín ógjarnan öll í eina körfu. Það er hygginna manna háttur að dreifa áhættu. Reynslan sýnir að olía og aðrar auðlindir náttúrunnar geta reynzt vera blendin blessun gæti menn ekki að sér. Mörg olíulönd eiga við mikinn vanda að stríða, nú t.d. Venesúela. Noregur og Kanada eru undantekningar sem sanna regluna. Einn angi vandans er að náttúruauðlindir laða stundum óæskilegt fólk að stjórnmálastarfi, fólk sem er mest í mun að komast yfir auðlindarentuna handa sér og sínum og halda öðrum frá henni þótt auðlindirnar séu víða þjóðareign skv. lögum. Auðlindum er jafnan auðstolið. Flestar þjóðir sem búa að ríkulegum auðlindum miða að aukinni fjölbreytni í atvinnulífi til að dreifa áhættu, til að hafa ekki of mörg egg í einni körfu.

Sama sjónarmið á við um stjórnmál. Einræði líkt og olía (og stundum fiskur!) laðar stundum óæskilegt fólk að stjórnmálastarfi, fólk sem er mest í mun að halda stjórnartaumunum hjá sér og sínum og halda öðrum frá. Flestar þjóðir sem búa við einræði miða að aukinni fjölbreytni í stjórnmálum, þ.e. lýðræði, til að dreifa áhættu, til að hafa ekki of mörg egg í einni körfu. Þess vegna m.a. hefur lýðræði sótt á. Um 1970 voru einræðisríki heimsins þrisvar sinnum fleiri en lýðræðisríkin. Nú, tæpri hálfri öld síðar, eru lýðræðisríkin næstum fimm sinnum fleiri en einræðisríkin. Eftirsókn eftir lýðræði miðar að fjölbreytni og frelsi til að brjótast undan yfirráðum innvígðrar og innmúraðrar valdastéttar. Einræðislönd eru jafnan fátæk. Lýðræðislönd eru jafnan rík.

Um miðja 19. öld voru Bandaríkin ennþá eina lýðræðisríki heimsins. Þótt byltingarnar sem breiddust út um Evrópu eftir 1848 væru barðar niður leiddu þær smám saman til lýðræðis í álfunni. Eftir 1945 breiddist lýðræði út með nánu samstarfi þjóðanna báðum megin við norðanvert Atlantshaf. Lýðræðisríkjum fjölgaði mjög frá 1945 til 1960 og aftur frá 1980 til 2002, en þá stöðvaðist fjölgunin. Nú er svo komið að bandaríska stofnunin Freedom House hefur lækkað lýðræðiseinkunn Bandaríkjanna niður fyrir einkunn flestra Vestur-Evrópuríkja. Brezka dagblaðið Guardian kallar nú Angelu Merkel kanslara Þýzkalands „leiðtoga hins frjáls heims“. Innan ESB sýna Pólland og Ungverjaland merki um dvínandi virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum í blóra við grunngildi sambandsins.

Í ljósi alls þessa fer ekki vel á að enn skuli Alþingi sýna lýðræði og mannréttindum hliðstæða vanvirðingu með því draga von úr viti staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar sem var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 og hefur legið fullbúin til afgreiðslu frá 2013. Betur færi á að Alþingi sendi umheiminum upplífgandi boð um styrk og fegurð íslenzks lýðræðis með því að ljúka málinu með sæmd. Þeim boðum myndu unnendur lýðræðis og mannréttinda um allan heim fagna ákaft eins og fram kom á fundum um lýðræði á Íslandi um síðustu helgi í tveim helztu háskólum Kaliforníu, Berkeley og Stanford. Alþingi hefur nú í fjögur ár vanrækt að senda umheiminum þessi boð og vakið illan grun um orsökina. „Við höfum beðið nógu lengi,“ sagði Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, í ávarpi sínu í Kaliforníu.

Við þurfum að fara varlega. John Adams, annar forseti Bandaríkjanna, skrifaði vini sínum í bréfi 1814 og vitnaði í gríska heimspekinginn Aristóteles: „Lýðræði endist aldrei lengi. … Hingað til hafa öll lýðræðisríki framið sjálfsvíg.“ (Þýðing mín, ÞG).

Alþingi leyfist ekki að skáka þjóðarviljanum til hliðar. Slíkt hefði t.d. ekki hvarflað að brezka þinginu eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í fyrra um úrsögn Breta úr ESB þótt atkvæðagreiðslan væri ráðgefandi. Í þjóðaratkvæðagreiðslu liggur valdið við uppsprettu sína, hjá kjósendum. Of margir alþingismenn sitja og standa eins og yfirboðarar þeirra og borgunarmenn í sjávarútvegi segja þeim. Málið snýst um auð og völd eins og við Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og fv. stjórnlagaráðsfulltrúi, o.fl. hnykktum á í Kaliforníu. Of margir þingmenn fella sig ekki við auðlindaákvæðið sem er þó samið upp úr stefnuskrám allra gömlu flokkanna á Alþingi. Þeir fella sig þegar á reynir ekki við auðlindir í þjóðareigu nema til málamynda. Fimm af hverjum sex kjósendum (83%) lýstu sig fylgjandi auðlindaákvæðinu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Óheilindi margra þingmanna og fáeinna fræðimanna birtast ljóslega í því að þeir nefna aldrei andstöðuna gegn auðlindaákvæðinu sem er aðalatriðið heldur búa þeir til óskyldar átyllur sem bandarísku lögfræðingarnir David Carrillo, Stephen Duvernay og Brandon Stracener tættu í sig á fundinum í Berkeley. Of margir þingmenn fella sig ekki heldur við kosningaákvæðið sem kveður á um jafnt vægi atkvæða og samrýmist því stefnu allra gömlu flokkanna nema Framsóknar. Tveir af hverjum þrem kjósendum (67%) lýstu sig fylgjandi kosningaákvæðinu eins og frumvarpinu í heild í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Auðlindaákvæðið og kosningaákvæðið snúa að mannréttindum í skilningi laga og fjölþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Því verður hægt að draga stjórnvöld fyrir erlenda dómstóla haldi þau áfram að standa í vegi fyrir gildistöku nýju stjórnarskrárinnar og hindra með því móti framgang algildra mannréttinda. Vonandi sér Alþingi sig um hönd áður en til slíks kemur.






Bros auglýsingavörur **með pínu merki**
Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**
Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.
BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með pínu merki


# Sjálfbær nýting íslenska þorskstofnsins



**Kristján Þórarinsson**
stofnvistfræðingur SFS




Vel heppnuð endurreisn íslenska þorskstofnsins er, að mínu mati, langmikilvægasti árangur á sviði sjálfbærni sem náðst hefur í stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum.

Þar sem sjávarútvegur er mikilvæg stoð efnahagslífs okkar áttum við engan annan kost en að takast á við tvíþættan vanda ofveiði og óhagkvæmni af fullri alvöru. Þetta var gert með því að innleiða markvissa fiskveiðistjórnun með nauðsynlegri festu við ákvörðun leyfilegs heildarafla ásamt eftirfylgni með aflaskráningu og eftirliti. Þannig var kerfi aflakvóta við stjórn fiskveiða komið á í áföngum á níunda áratug síðustu aldar og það síðan þróað í átt til virkari stjórnunar heildarafla og aukins sveigjanleika með framsali á tíunda áratugnum og síðar.

Í kjölfar ráðgjafar frá árinu 1992 um alvarlega stöðu þorskstofnsins var dregið verulega úr veiðiálaginu. Um miðjan tíunda áratuginn voru Íslendingar síðan meðal leiðandi þjóða í þróun langtíma aflareglna í fiskveiðum. Aflareglum er ætlað að tryggja að veiðiálag sé hóflegt og nýtingin sjálfbær. Mikilvægt markmið með minnkun veiðiálags á þorskinn var að gera stofninum mögulegt að vaxa og ná fyrri stærð, en stór veiðistofn gerir veiðar hagkvæmari og stór og fjölbreyttur hrygningarstofn er talinn hafa meiri möguleika á að geta af sér stærri nýliðunarárganga.

Árið 2007 var veiðihlutfall þorsks samkvæmt aflareglu lækkað úr 25% í 20% af viðmiðunarstofni fiska fjögurra ára og eldri. Eftir stutt aðlögunarskeið var þessi stefna fest í sessi um mitt árið 2009 þegar íslensk stjórnvöld staðfestu á ný formlega aflareglu um stjórn veiðanna til lengri tíma. Nýtingarstefna þessi miðar að vernd og sjálfbærri nýtingu þorskstofnsins, byggt á bestu fáanlegri vísindaráðgjöf, í samræmi við alþjóðasamninga og alþjóðleg viðmið. Það er afar sannfærandi að nýtingarstefnan skuli hafa haldið í kjölfarið í gegnum fjármálakreppuna og þannig lagt sitt af mörkum til efnahagsbatans.

> **Með hóflegu veiðiálagi undanfarin ár hafa þorskárgangar hver af öðrum lifað lengur og tekið út meiri vöxt og þannig gefið meiri afla og lagt meira til hrygningarstofnsins en ella.**

Með hóflegu veiðiálagi undanfarin ár hafa þorskárgangar hver af öðrum lifað lengur og tekið út meiri vöxt og þannig gefið meiri afla og lagt meira til hrygningarstofnsins en ella. Úr því takmarkaða efni sem felst í tiltölulega litlum árgöngum hefur hrygningarstofninn, sem eðli málsins samkvæmt er samsettur af eldri fiski, tvöfaldast að stærð á undanförnum áratug. Stærri stofni fylgir aukinn afli á sóknareiningu (t.d. fleiri tonn á hvern togtíma), sem skilar sér í aukinni hagkvæmni veiðanna. Jafnframt leiðir stærri stofn til minni áhættu af veiðum, sem aftur stuðlar að sjálfbærri nýtingu.

Á nýliðnum árum hafa stjórnvöld sett aflareglur um veiðar þriggja tegunda botnfiska—ýsu, ufsa og gullkarfa—til viðbótar við þorskinn. Þessar veiðar hafa síðan fengið vottun eftir alþjóðlegum sjálfbærnikröfum samkvæmt fiskveiðistjórnunarstaðli Ábyrgra fiskveiða, sem gerir kröfu um formlega nýtingarstefnu (aflareglu) stjórnvalda byggt á svokallaðri varúðarleið. Sömu veiðar, auk annarra, hafa einnig hlotið vottun samkvæmt MSC-staðli.

Ábyrg, sjálfbær og hagkvæm nýting fiskistofna er nauðsynleg undirstaða öflugs sjávarútvegs. Mikilvægt er að nýting fiskistofna á Íslandsmiðum byggi ávallt á þessum grunni.




BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.
Ykkar skemmtun....
....okkar fókus
Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955


# Framtíð íslenskrar tungu



**Tryggvi Gíslason**
fv. skólameistari

Undanfarið hefur allmikið verið rætt og ritað um ensk heiti íslenskra fyrirtækja. Ástæðan er sú, að síðara hluta maímánaðar tók Flugfélag Íslands upp nafnið Air Iceland Connect. Um árabil notaði félagið nafnið Air Iceland, en með því að bæta við orðinu Connect sýnum við tengingu við íslenska náttúru og erlenda áfangastaði á borð við Grænland, Skotland og Norður-Írland. Þetta er lýsandi nafn og við erum sannfærð um að þetta muni leiða til sterkara vörumerkis á alþjóðamarkaði, eins og haft er eftir Árna Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Air Iceland Connect.

Naumast þarf að fara í grafgötur um, að íslensk fyrirtæki og stofnanir taka aukinn þátt í samkeppni á alþjóðamarkaði þar sem tungumálið er enska. Ekkert óeðlilegt er að íslensk fyrirtæki á alþjóðamarkaði noti ensk heiti til þess að vekja á sér athygli. Leyfi ég mér að fullyrða, að ensk heiti á íslenskum fyrirtækjum ógna ekki framtíð íslenskrar tungu, eins og þráfaldlega er gefið í skyn. Aðrir þættir vega þar þyngra svo sem minnkandi bóklestur ungs fólks, tölvuleikir á ensku sem valda því að börn og unglingar tala orðið ensku sín á milli. Afstaða stjórnvalda til menntamála og léleg kjör kennara er mun meiri ógn við íslenska tungu en ensk heiti á íslenskum fyrirtækjum. Jafnvel óskýr framburður, sem vinnur gegn gagnsæi málsins og getur breytt málkerfinu, veldur meiri hættu en Air Iceland Connect. Röng notkun orða og orðatiltækja og orðfæð er miklu alvarlegri ógn við framtíð tungunnar en Air Iceland Connect. Lítill skilningur ákveðins hóps Íslendinga á málrækt er einnig ógn við framtíð íslenskrar tungu, en hafa ber í huga að vegna íslenskrar tungu erum við sjálfstæð þjóð í eigin landi.

## Dómsdagsspá

Lengi hefur verið efast um gildi íslenskrar tungu og henni spáð dauða. Árið 1754 kom út í Kaupmannahöfn ritið TYRO JURIS edur Barn í Lögum eftir Svein lögmann Sölvason. Þar segir hann, að heppilegra sé að nota orð úr dönsku en íslensku þegar ritað er um lögfræði á íslensku. Bjarni Jónsson, rektor Skálholtsskóla, lagði til í bréfi til Landsnefndarinnar fyrri árið 1771 að íslenska yrði lögð niður og danska tekin upp eða með hans orðum – á dönsku: „Jeg anseer det ikke alene unyttigt men og desuden meget skadeligt, at man skal beholde det islandske Sprog.“ Í upphafi velmektardaga frjálshyggju í lok síðustu aldar var lagt til að íslenska yrði lögð niður og enska tekin upp í staðinn.

## Sterk staða íslenskrar tungu

Þrátt fyrir þetta er raunin sú, að íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga en nú. Á þetta m.a. rætur að rekja til þess, að málið hefur verið sveigt að nýjum viðfangsefnum og breyttu menningarumhverfi. Ritun skáldsagna og leikrita, ljóðagerð og vísnasöngur og vönduð bókaútgáfa hefur aldrei verið öflugri en undanfarna áratugi og nýstárleg auglýsingagerð í útvarpi og sjónvarpi hefur auðgað tunguna þar sem orðið hafa til orðaleikir og íslensk fyndni sem áður voru óþekktir í málinu – að ógleymdu rappi á íslensku. Engu að síður eru ýmis viðgangsefni sem bíða úrlausnar svo sem notkun íslensku í stafrænu umhverfi.

Flest bendir því til, að íslenska, þetta forna beygingarmál, geti áfram gegnt hlutverki sínu sem félagslegt tjáningartæki í fjölþættu samfélagi nútímans. Hins vegar hefði mátt finna betra enskt nafn á Flugfélag Íslands en Air Iceland Connect.

Glæsilegt úrval á pier.is



# 30% AFSLÁTTUR
## AF BLÓMUM & NOTTING HILL SÓFA

GILDIR 8.–14. JÚNÍ



**30% AFSLÁTTUR**
NOTTING HILL SÓFI
Áður 179.900,- NÚ 125.930,-



DEKLOK
veggklukka svört
VERÐ AÐEINS
1.990,-



MAROKKÓ
hengirúm
VERÐ AÐEINS
12.990,-









HENGISTÓLL
VERÐ AÐEINS
5.990,-

## 3 FYRIR 2
## AF SMÁVÖRU

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 5227890


KRÓNAN
Krónan mælir með!
299 kr. pk.
Nektarínur og ferskjur 1 kg. Spánn
Borðaðu mig - best núna!
199 kr. pk.
Paraguayos steinaldin 450 g, Spánn
#Grillsnilld
KRÓNAN
Tilboðin gilda til 12. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1299** kr. pk.

2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar




## 100% hamborgarabúðin þín!

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

**Nýtt!**




**499** kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g

#Grillsnilld KRÓNAN




Kanilgrillbrauð

**599** kr. stk.

Tilboðin gilda til 12. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
-20%
Krónan mælir með!
1895 kr. kg
Lambalærissneiðar, úrval marineringa
Verð áður ~~2369~~ kr. kg
Úrbeinaður grísahnakki
-20%
1359 kr. kg
Úrbeinaður grísahnakki, úrval marineringa, Spánn
Verð áður ~~1699~~ kr. kg
#Grillsnilld
KRÓNAN
Tilboðin gilda til 12. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Ódýrt
Ný-bakað!
99 kr. stk.
Croissant, rúnstykki, margar gerðir
Tilboðin gilda til 12. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Að láta hjartað eða skynsemina ráða



**Hulda Vigdísardóttir**
B.A.-próf í íslensku og þýsku, M.A.-próf í íslenskri málfræði

**Það er hreinlega eins og sum fög hljóti almennt minni viðurkenningu og virðingu í samfélaginu en önnur og virðist það sérstaklega eiga við um ýmsar listgreinar og námsfög á hugvísinda-, mennta- og félagsvísindasviði.**

Ha? Ertu að læra íslensku?" segir hann og leggur áherslu á sögnina læra. „Kanntu ekki íslensku? Ég meina... Æ, þú veist... Þú ert íslensk, býrð á Íslandi og kannt alveg íslensku. Til hvers þarftu eiginlega háskólapróf í henni?" heldur hann áfram. „Græðirðu eitthvað á því? Hvað í ósköpunum ætlarðu að gera með M.A.-próf í íslenskri málfræði? Færðu nógu góða vinnu eftir brautskráningu?" Ég brosi og reyni að andvarpa ekki of hátt, þreytt á því að endurtaka mig og finnast ég stöðugt þurfa að afsaka eitthvað sem ég gæti í raun ekki verið stoltari af. Já, stolt og ánægð með val mitt. Hann kinkar áhugalaus kolli á meðan ég fer með þuluna enn einu sinni en skiptir svo um umræðuefni við fyrsta tækifæri.

Ég veit ekki hve margar slíkar samræður ég hef átt. Ég veit ekki hve oft slík spurningaflóð hafa hrunið yfir mig, sérstaklega á meðan ég var enn í námi. Ég veit ekki hve oft ég hef þurft að útskýra í hverju námið fælist og að það væri í raun og veru hægt að læra íslensku og íslenska málfræði á háskólastigi. Nei, það gengi ekki út á að læra fallbeygingu orðsins hestur eins og í fjórða bekk grunnskóla. Ég veit heldur ekki hve oft ég hef staðið sjálfa mig að því að réttlæta námsval mitt og telja upp kosti þess og mikilvægi.

Ég hlæ uppgerðum hlátri þegar missnobbaðir einstaklingar tilkynna mér að titillinn íslenskufræðingur sé bara alls ekki nógu töff. Nei, ekki eins og stjarneðlisfræðingur, kjarnefnafræðingur eða eitthvað álíka. Ég svara kaldhæðnislega þegar fólk segist ekki þora að tala íslensku í kringum mig því ég grandskoði örugglega málfar þess. Fyrir brautskráningu yppti ég öxlum þegar einhver spurði í hvað ég ætlaði svo að nýta mér námið og sagði: „Ég veit það ekki alveg enn þá, möguleikarnir eru svo ótal margir." Og það reyndist líka rétt. Vinir mínir sem skráðu sig í verkfræði, læknisfræði, lögfræði og önnur fög sem veita á einhvern hátt augljósari starfsmöguleika en íslenska voru yfirleitt spurðir hve langt þeir væru komnir og hvort þeir hefðu þegar valið sér ákveðið sérsvið. Mér fannst ég hins vegar einatt þurfa að færa rök fyrir og verja námsval mitt, þ.e. réttlæta valið á einhvern hátt.

**Ekkert eitt fag er mikilvægara en annað**

Ég er viss um að margir kannast við þetta og ekki aðeins þeir sem leggja eða lögðu stund á íslenskunám á háskólastigi. Það er hreinlega eins og sum fög hljóti almennt minni viðurkenningu og virðingu í samfélaginu en önnur og virðist það sérstaklega eiga við um ýmsar listgreinar og námsfög á hugvísinda-, mennta- og félagsvísindasviði. Við erum sem betur fer ólík og áhugamálin fjölbreytt eftir því. Um 340 þúsund manna samfélag hefur ekki þörf á 340 þúsund lögfræðingum eða 340 þúsund tölvunarfræðingum, rétt eins og það hefur ekki þörf á 340 þúsund íslenskufræðingum (þó mér finnist íslenskuáhugi í þjóðfélaginu vel mega vera meiri). Samfélag byggist á fjölbreytileika og nú þegar nýstúdentar velja sér námsbraut í háskóla er mikilvægt að öllu sé gert jafn hátt undir höfði. Ekkert eitt fag er mikilvægara en annað og námsval getur ekki talist skynsamlegt ef hugur og hjarta fylgja ekki með. Mestu máli skiptir að hafa gaman af því sem maður tekur sér fyrir hendur og standa með sjálfum sér.

Kæru verðandi háskólanemar, látið hjartað ráða og veljið það sem þið hafið mestan áhuga á að mennta ykkur í. Tækifærin eru mýmörg og aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.




# Áhrif erfðamengunar á villta laxastofna



**Arnar Pálsson**
erfðafræðingur

**Það er full ástæða til að endurskoða laxeldi í sjókvíum hérlendis.**

Erfðamengun verður við blöndun alidýra og villtra ættingja þeirra. Hún leiðir til minni lífslíka blendinganna og hefur neikvæð áhrif á viðgang villtra tegunda. Erfðamengun er ólík annarri mengun, því hún einskorðast við tegundir sem geta æxlast við tiltekin eldisdýr eða plöntur. Hún er ólík náttúrulegri blöndun milli villtra stofna eða undirtegunda. Afkvæmi Íslendinga og Taílendinga eru dæmi um eðlilega blöndun innan tegundar, ekki erfðamengun.

Þekkt hefur verið í áratugi að kynbætur breyta erfðasamsetningu alistofna, sem verða frábrugðnir upprunalegu tegundinni. Fimm atriði vega þar mest: i) Við kynbætur er valið fyrir eiginleikum og genum sem tengjast þeim. ii) Alistofnar aðlagast eldinu (líf undir verndarvæng mannsins er ólíkt villtri náttúru). iii) Erfðabreytileiki tapast, því kynbætur byggjast á vali eiginleika sem reynast vel í eldi (aðrir tapast). iv) Áhrif tilviljunar eru meiri í eldi en náttúrulegum stofnum vegna lítillar stofnstærðar (veldur líka tapi á erfðabreytileika). v) Eldisstofnar endurspegla uppruna sinn. Síðasta atriðið skiptir verulegu máli á Íslandi því hérlendis er ræktaður lax upprunninn úr blöndu af 40 norskum stofnum og einum sænskum. Erfðasamsetning norskra eldislaxa er ólík villtum stofnum. Spyrja má, hvaða afleiðingar hefur erfðamengun á villta laxfiska?

**Merkjanleg áhrif**

Fleiri en hundrað rannsóknir í Noregi, Skotlandi og víðar lýsa áhrifum erfðablöndunar villtra og eldislaxa. Hér er bara tæpt á nokkrum atriðum. Munurinn á villtum laxi og eldislaxi birtist t.d. í því að eldisfiskar vaxa hraðar, eru stærri, verða kynþroska seinna og eru ekki jafn hræddir við afræningja og villtir laxar. Áhrif eru einnig merkjanleg í blendingum villtra laxa og eldislaxa, og snerta t.d. æxlun, fæðunám, viðgang og þroska.

Nýleg erfðagreining á rúmlega 120 villtum laxastofnum í Noregi afhjúpaði umtalsverða erfðablöndun frá eldisfiski í þriðjungi stofna. Í kjölfarið greindu Geir Bolstad og félagar áhrif blöndunarinnar á 62 villta stofna, könnuðu mun á kynjum, landsvæðum og ám með stórlöxum eða smálöxum. Niðurstöðurnar voru afgerandi, aukið hlutfall gena úr eldisfiskum leiðir til margvíslegra breytinga á villtum stofnum. Í stórlaxaám í miðhluta Noregs jókst hlutfall fiska sem voru kynþroska 2ja ára í hverjum árgangi samfara aukinni erfðamengun frá eldisfiski. Hærra hlutfall gena úr eldisfiski leiddi einnig til þess að karlkyns smálax í Mið-Noregi var stærri við kynþroska. Sterkustu áhrifin voru á laxastofna nyrst í Noregi, sem eru fjarskyldari eldislaxinum. Erfðamengunin þar hafði áhrif á stærð og aldur við kynþroska, óháð sjóaldri fisksins. Breytingarnar virka e.t.v. lítilvægar eða jafnvel jákvæðar fyrir leikmenn (stórir laxar eru skemmtilegri veiðifiskur). En þær geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir villta fiska, því staðbundnir stofnar eru yfirleitt vel aðlagaðir að sínu umhverfi. Smálaxaár í Noregi eru t.a.m. gott umhverfi fyrir minni laxa en verra fyrir stórlaxa. Ef erfðablöndunin gerir einstaklinga í smálaxastofni stærri, getur það dregið úr hæfni þeirra til að lifa af.

**Ástæða til endurskoðunar**

Niðurstöður Bolstad og félaga eru óvissu háðar, eins og allar rannsóknir á náttúrunni. En spurningin er ekki lengur hvort gen frá eldisfiski hafi áhrif á villta laxastofna, heldur hversu mikil og hvers eðlis þau eru? Stóra spurningin er, leiðir erfðablöndunin til hnignunar og útdauða villtra stofna? Það er full ástæða til að endurskoða laxeldi í sjókvíum hérlendis. Sérstaklega þar sem íslenskir laxar eru fjarskyldir eldislaxi. Ástæðan er sú að flæði gena frá eldisfiskum getur breytt eiginleikum villtra íslenskra laxastofna, gert þá minna hæfa í lífsbaráttunni og dregið úr getu þeirra til að þróast í framtíðinni.

Frændur vorir í Noregi og vinir í Síle hafa brennt sig á flestu sem hægt er í laxeldi. Vonandi berum við gæfu til að læra af mistökum þeirra og fórna ekki lífríki vatna og hafs fyrir ódýrar og skammsýnar lausnir í laxeldi.

**Heimildir**

*Karlsson o.fl. 2016 ICES Journal of marine science doi.org/10.1093/icesjms/fsw121, Glover o.fl. 2017 Fish and Fisheries doi: 10.1111/faf.12214, Bolstad o.fl. 2017 Nature Ecology & Evolution doi:10.1038/s41559-017-0124*

# Hollvinavæðing



**Ögmundur Bjarnason**
geðlæknir

**Á stærsta sjúkrahúsi landsins eru heilu sjúkradeildirnar innréttaðar með uppgjafahúsgögnum einkafyrirtækja.**

Eitt af því sem vekur eftirtekt þegar snúið er heim eftir langdvalir í nágrannaríkjum eru tíðar fégjafir íslensks almennings til grundvallarsamfélagsþjónustu. Stöðugt berast fregnir af ölmusu félagssamtaka, fyrirtækja og einstaklinga til svokallaðra ríkisstofnana: safnað er fé til tækjakaupa á Landspítala og til viðhalds grunnþjónustu á smærri sjúkrahúsum, foreldrar safna fé til kaupa á bókakosti við skóla, ef ekki viðhalds á skólabyggingum, og jafnvel lögreglunni er fært söfnunarfé til kaupa á nauðsynlegum tækjabúnaði. Á stærsta sjúkrahúsi landsins eru heilu sjúkradeildirnar innréttaðar með uppgjafahúsgögnum einkafyrirtækja, og á heimasíðu sömu stofnunar leiðir einn af þremur mest áberandi hlekkjum á síðu styrktar- og gjafasjóðs til spítalans.

Maður fer þá að velta því fyrir sér hvernig hugsunin sé að reka svonefndar ríkisstofnanir ef ekki fyrir reikning ríkissjóðs. Kannski svarið liggi í því sem hefur verið í fréttum undanfarið af þeim sem núna stýrir ríkissjóði: Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík heitir merkilegur félagsskapur sem ekki hefur verið á hvers manns vitorði, en mun undir styrkri stjórn fjármálaráðherra hafa unnið það loflega verk að safna með frjálsum framlögum allmiklu fé sem meðal annars rann til endurnýjunar á úr sér gengnum tölvubúnaði skólans. Hollvinafélag þetta virðist starfa líkt og hollvinafélög sem algeng eru við einkareknar menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir í Norður-Ameríku og gegna, auk hraustlegrar gjaldtöku fyrir þjónustu þá sem þessar stofnanir veita, mikilvægu hlutverki við fjármögnun þeirra.

**Lokalausn á ríkisfjármálunum?**

Kannski þarna sé sprotinn að nýju rekstrarformi og lokalausn á ríkisfjármálunum? Þegar Jóhönnur og Steingrímar eru búin að sigla hér öllu í kaf og þenja ríkisbáknið eins og púkann á fjósbitanum með gegndarlausri skattpíningu á einkaframtakið þá er ekki annað að gera en hóa í öflugt lið og hollvinavæða heila klabbið. Þannig geta þeir sem hafa til þess löngun látið fé af hendi rakna til menntamála, löggæslu og heilbrigðisþjónustu, en hinum sem hafa þarfara við sinn pening að gera er hlíft við því ofbeldi og eignaupptöku sem skatttaka í raun og sanni er. Hvaða réttlæti er t.d. í því að fólki sem býr við góða heilsu sé þröngvað til að kasta sínu sjálfsaflafé í botnlausa hít Landspítalans, þar sem óráðsían ríður ekki við einteyming? Að maður tali ekki um fyrirtæki, t.d. í sjávarútvegi, sem eðli málsins samkvæmt geta ekki þurft á læknisþjónustu að halda? Nei, skipum Lansanum heldur fjárhaldsstjórn og hollvinavæðum svo kauða. Sama mætti gera við Tryggingastofnun, lögregluna og dómstóla, t.d. hinn nýja Landsrétt sem horfir jú bara til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, a.m.k. ef purkunarlausum réttarofsóknum á hendur útsjónarsömum kaupsýslumönnum fer ekki að linna fyrir íslenskum dómstólum. Hollvinavæðing er nefnilega hin nýja einkavinavæðing.

En af hverju ekki að taka þetta alla leið? Af hverju ekki að gerast „hollvinir samfélagsins" og greiða skattana okkar glöð eins og frændur okkar í Skandinavíu, stolt yfir því að leggja okkar af mörkum til sameiginlegrar velferðar okkar og barnanna okkar? Þá þarf kannski ekki að ráðast í svo kostnaðarsamar kerfisbreytingar. Bara að opna augun fyrir því hvað skattar eru í upplýstu velferðarsamfélagi: hornsteinn samfélagsins. Velferð kostar nefnilega og verður ekki rekin fyrir aflandsreikninga eða lágmarksframlag af reiknuðu endurgjaldi. Hjá „hollvinum samfélagsins" er alltaf söfnun í gangi og ágóðinn lagður beint inn á ríkissjóð öllum til hagsældar.

Það þarf að auka útgjöld og ríkisstofnanir að hætta betlinu. Sé maður aflögufær er það engin kvöð að gjalda sanngjarnan hlut af tekjum sínum til þess: það eru forréttindi. Geta svo litið með stolti á álagningarseðilinn, eins og gyllt nafnskilti velunnarans á stól í hátíðarsal, og hugsað með sér: þennan veg kostaði ég, þetta sjúkrarúm, þessa hraðamyndavél. Það gengur ekki að bara einn og einn splæsi. Gerumst öll hollvinir samfélagsins: það borgar sig.

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 8. JÚNÍ 2017



„Með fleiri fermetrum vonumst við til að geta þjónustað viðskiptavini okkar enn betur en áður,“ segir Ása Björk Antoníusdóttir. MYND/ERNIR

# hjá Hrafnhildi stækkar

Verslunin hjá Hrafnhildi hefur verið stækkuð um helming. Ása Björk Antoníusdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi, segir vöruúrvalið aldrei hafa verið meira og að þar ættu konur á öllum aldri að geta fundið fatnað við sitt hæfi. →2



**Oddur Sigmunds Báruson, bassaleikari í brimbrettarokksveitinni Bárujárni, spáir mikið í litasamsetningar og reynir að klæðast litum sem fara vel við litarhaftið.** →6

Framhald af forsíðu ➪

Umgjörðin um verslunina hjá Hrafnhildi er nú gjörbreytt frá því sem áður var en húsnæðið hefur allt verið tekið í gegn og lögð áhersla á að vanda vel til verka. „Við erum nýbúin að opna upp á aðra hæð og verslunin er nú orðin rúmlega helmingi stærri en áður, eða ríflega 600 fermetrar. Með fleiri fermetrum vonumst við til að geta þjónustað viðskiptavini okkar enn betur en áður. Vöruúrvalið er sýnilegra og nýtur sín mun betur í stærra rými. Við erum þessa dagana sérstaklega spennt fyrir þremur vörumerkjum frá Danmörku, Mos Mosh, Bitte Kai Rand og PBO Philosophy Blues Original,“ segir Ása Björk Antoníusdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi hjá Hrafnhildi.

Líkt og áður er meginábersla lögð á persónulega og einlæga þjónustu, gæði og gott vöruúrval. „Við bjóðum upp á þýskan og danskan gæðafatnað, auk þess sem við erum með vandaða leðurskó frá Ítalíu, Þýskalandi og Spáni. Helstu vörumerkin okkar í fatnaði eru Mos Mosh, Bitte Kai Rand, PBO, Zeitlosby Luana, Elinette, Gardeur, TUZZI, Frankwalder, Fend og Gilbret en í skóm eru það Wonders, Nero Giardini, Maripé, Kennel & Schmenger, ásamt Lofina. Hjá okkur má einnig finna fallegt skart og handtöskur,“ segir Ása Björk.

## Föt fyrir konur á öllum aldri

„Við höfum ávallt lagt mikið upp úr fjölbreyttu vöruúrvali, enda erum við þekkt fyrir að hingað geta konur á öllum aldri komið og fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi, hvort sem er til spari eða hversdagsnota. Sem dæmi seljum við mikið af fatnaði fyrir útskriftir, fermingar og brúðkaup í stærðum frá 36 til 52. Svo má ekki gleyma því að hér eru næg bílastæði og aðgengi gott,“ upplýsir Ása Björk.

## Fjölskyldufyrirtæki stofnað í heimahúsi

Hjá Hrafnhildi hefur verið fjölskyldufyrirtæki frá upphafi, eða frá því að Hrafnhildur Sigurðardóttir heitin, móðir Ásu Bjarkar, stofnaði verslunina í einu herbergi á heimili fjölskyldunnar í Fossvoginum. „Mamma lét gamlan draum rætast með því að stofna tískuverslun með vandaðan kvenfatnað en hún fylgdist ætíð vel með erlendum tískustraumum. Árið 1996 var verslunin hjá Hrafnhildi opnuð að Engjateigi 5, þar sem hún hefur verið starfrækt allar götur síðan. Árið 2000 var verslunin stækkuð þegar við lögðum undir okkur alla jarðhæðina. Það má því segja að þetta sé þriðji stóri stækkunaráfanginn í sögu verslunarinnar,“ segir Ása Björk brosandi.



Ása Björk hefur haft framúrskarandi starfsfólk sér við hlið, ásamt fjölskyldu.



„Við höfum ávallt lagt mikið upp úr fjölbreyttu vöruúrvali,“ segir Ása Björk.



Skór frá Wonders, Nero Giardini, Maripé, Kennel & Schmenger og Lofina fást hjá Hrafnhildi. Þar má einnig finna fallegt skart og handtöskur.

> Við erum nýbúin að opna upp á aðra hæð og verslunin er nú orðin helmingi stærri en áður, eða 600 fermetrar.
>
> Ása Björk Antoníusdóttir



hjá Hrafnhildi er nú á tveimur hæðum að Engjateigi 5.

## Framúrskarandi starfsfólk

Ása Björk hefur ekki staðið vaktina ein, heldur hefur hún alla tíð haft framúrskarandi starfsfólk sér við hlið, ásamt fjölskyldu sinni. Amma hennar, Inga Árnadóttir, vann í versluninni frá upphafi og hefur nýlega látið af störfum, þó hún fari enn á innkaupasýningar með Ásu.

Auðvelt er að fylgjast með nýjungum og góðu vöruúrvali verslunarinnar á heimasíðunni www.hjahrafnhildi.is en hún er uppfærð daglega. „Við erum duglegar að birta nýjar myndir af fatnaði og skóm og svara fyrirspurnum. Margir viðskiptavina okkar eru á landsbyggðinni og sendum við því skjótt póstkröfur um land allt,“ segir Ása Björk að lokum.

hjá Hrafnhildi. Engjateigur 5, 105 Reykavík. Sími 581 2141. Heimasíða: hjahrafnhildi.is Opnunartími: 10.00-18.00 virka daga og 10.00-16.00 á laugardögum.



LYFJA
– Lifið heil

smashbox

# Nú færð þú Smashbox vörurnar þínar í Lyfju Lágmúla.

## Dagana 8. - 11. júní er 20% afsláttur af öllum Smashbox vörum.

Förðunarfræðingur frá Smashbox verður á staðnum og veitir ráðgjöf. Kaupauki* fylgir ef keyptar eru tvær eða fleiri vörur frá Smashbox.

*á meðan birgðir endast




/smashboxiceland
/smashbox_iceland

lyfja.is

# Fer ótrauð sínar eigin leiðir

## Á meðan Unnur Snorradóttir og kærasti hennar biðu vina til að fara í bíó ákváðu þau að snoða Unni. Hún kann því einkar vel að vera snoðklippt.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég klippti mig stutthærða í Berlín fyrir tveimur árum vegna þess að mig langaði að breyta til. Nokkrum mánuðum síðar snoðaði kærastinn mig á meðan við biðum eftir því að vinir okkar kæmu að sækja okkur til að fara í bíó,“ segir Unnur sem hefur verið meira og minna snoðuð síðan. „Akkúrat núna er ég með svokallaða Pixie-klippingu, en ég kann mjög vel við að vera snoðuð og má segja að ég fái alltaf mikla athygli vegna þess,“ segir hún, en athyglin er góð og slæm.

„Flestir hæla mér fyrir kollinn en svo er alltaf einn og einn sem spyr: „Ertu með krabbamein?“ eða annað álíka, sem er í raun skondin spurning í ljósi þess að ég fékk hana fyrst þegar ég var nýbúin að eyða pening í að láta raka mynstur í allan kollinn,“ segir Unnur og brosir að minningunni.

Unnur útskrifaðist af listabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti um síðustu jól og flutti nýverið til Noregs með kærasta sínum.

„Við vorum orðin leið á því að vera alltaf blankir miðbæingar og ákváðum að fara utan til að víkka sjóndeildarhringinn og safna pening fyrir háskólanámi. Ég stefni á nám í fatahönnun og er þessa dagana að lesa mér til um skóla í ýmsum borgum Evrópu. Frakkland togar óneitanlega mest í mig en þrátt fyrir það eiga plön mín það til að breytast.“

### Ekki alveg laus við þrældóm

Fatasmekkur Unnar breytist með veðri og vindum.

„Ég hef skilning á því að við leitumst við að búa okkur til prófíl sem segir „þetta er ég“ og göngum í fötum sem okkur finnst lýsandi fyrir okkur, en ég held ekki að nokkur ætti að taka sig svo alvarlega að geta ekki farið út í búð í íþróttabuxum án þess að líða vandræðalega. Sjálfri finnst mér gaman að ganga um í kjólum með eyrnalokka og eyeliner en stundum líður manni ekki þannig eða hefur ekki tíma og hoppar þá bara í gallabuxur og hljómsveitabol til að byrja daginn.“

Unnur hefur vissulega sinn eigin fatastíl.

„Helst vil ég kaupa fötin mín af smærri fatahönnuðum sem ég lít upp til, eins og stelpnanna í Kiosk, Ýrúrí og Aftur, svo eitthvað sé nefnt, eða kaupa notuð föt í Hjálpræðishernum, Rauða krossinum eða Spúútnik. Ég hef mikla óbeit á gífurlegri neysluhyggjunni sem öllu tröllríður, þar sem fólk kaupir mikið af fatnaði í lélegum gæðum fyrir lítinn pening og sem búinn er til af litlum börnum í ömurlegum aðstæðum sem menga jörðina. Þá getur maður alveg eins safnað sér fyrir flík sem endist lengi og er falleg. Þrátt fyrir það er fataskápurinn minn ekki alveg laus við þrældóm – H&M-sokkar og svoleiðis.“

### Daglegur dónaskapur

Myndlist hefur hingað til átt hug og hjarta Unnar og í október setti hún upp sýninguna „Dýrt, Nýtt og Hvitt“ í félagi við vini sína í listaheiminum, þar sem listaverk voru verðlögð á margar milljónir.

„Í augnablikinu er ég með tvær skissubækur; aðra fyrir daglegan dónaskap sem mér dettur í hug og hina eingöngu fyrir tísku. Ég hef hannað og saumað töskur og skyrtur og svo er ég skæð í að breyta fötunum mínum. Samt sem áður hef ég verið meira í hönnun skartgripa og byrjaði mjög ung að fikra mig áfram þar. Ég hef selt eyrnalokka sem fara yfir eyrun, líkt og tíðkast sem skraut með indverskum sari-klæðnaði, en einnig logsoðið og steypt skart í brons.“

Unnur leikur í nýlegu tónlistarmyndbandi við lagið BTO með hljómsveitinni VÖK sem verður með útgáfutónleika í Gamla bíói í kvöld. Hvernig kom það til?

„Einar í VÖK hafði séð mig í myndbandi hljómsveitarinnar Une Misére og síðan hittumst við á Eistnaflugi. Hann var í leit að snoðaðri stelpu fyrir þetta tiltekna myndband og hugsaði til mín. Það er mjög skemmtileg lífsreynsla að leika í tónlistarmyndböndum en þessi tvö eru mjög ólík. Hið fyrra var mjög spontant og frjálst, tekið upp á klukkutíma, en myndbandið fyrir VÖK var skipulagt í þaula og tekið upp á tveimur dögum með þrettán manna tökuliði.“



Unnur Snorradóttir vekur athygli hvar sem hún fer fyrir glæsileika og flottan, sjálfstæðan stíl. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI





Unnur hannar og saumar bæði skyrtur og töskur og býr til yndisfagra eyrnalokka sem fara yfir eyrun eins og sjá má á myndunum.





KRINGLUNNI | 588 2300 INDISKA

Flottir toppar



Verð 4.900 kr.
- 3 litir: svart, kremhvítt, dökkblátt
- stærð: 36 - 46

Verð 8.900 kr.
- 3 litir: kremgult, dökkblátt, svart
- stærð: 36 - 46

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
*Vegna hagstæðari samninga og styrkingar krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
TRI
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RolfPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# Þægindin mikilvæg

Góð litasamsetning skiptir Odd Sigmunds miklu máli þegar kemur að fatnaði. Byssukúluhálsfestin er honum mjög kær og aldrei langt undan.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Oddur Sigmunds Báruson er bassaleikari í brimbrettarokksveitinni Bárujárni auk þess sem hann fæst mikið við tónlist á öðrum vettvangi, þá helst sem klassískur gítarleikari. Hann er hrifinn af léttum og þægilegum klæðum úr góðu efni og fallegum litum. „Ég pæli mikið í litasamsetningu og reyni að klæðast litum sem passa vel við litarhaft mitt. Sjálfur hef ég ekki mikinn áhuga á tísku sem slíkri en ég dáist að fólki sem klæðir sig smart og þróar sinn persónulega stíl, sérstaklega ef það tekst án mikillar áreynslu.“ Aðspurður segist Oddur aðallega fylgjast með tísku með því að horfa á fólk í kringum sig og líta inn um stöku búðarglugga.

Oddur segir að fötin sem hann klæðist hér séu mjög dæmigerð fyrir sig. „Skyrtan frá Abercrombie & Fitch er besta skyrta sem ég hef átt. Ég hef klæðst henni mjög mikið þetta ár sem ég hef átt hana og þvegið hana örugglega oftar en 20 sinnum. Samt sér ekki á henni. Auk þess kann ég vel við að hún sé kragalaus. Kragar hafa þann eina tilgang að halda bindum í skorðum. Í kragalausri skyrtu er maður að lýsa því yfir að maður muni ekki setja upp bindi. Það er ákveðið attitjúd í því sem ég fíla.“

Umrædd skyrta fær einnig titilinn „bestu fatakaupin“ að hans sögn. „Ég fékk hana á útsölu, á 20 dollara ef ég man rétt, í einhverri búð í Los Angeles. Verstu kaupin eru aftur á móti tvær skyrtur sem kostuðu 18 þúsund kall stykkið í ónefndri herrafataverslun hér á landi. Þær litu ágætlega út í búðinni en eftir einn þvott á 30 gráðum voru þær orðnar eins og gömul viskustykki.“

## Gengur mikið

Núorðið segist hann nánast eingöngu klæðast joggingbuxum. „Amma gaf mér 4-5 stykki nýverið og ég skipti bara á milli þeirra. Ég elska joggingbuxur vegna þess að þær eru þægilegar og það er auðvelt að klæða sig í og úr þeim. Þægindi eru mér mjög mikilvæg en auk þess geta þær auðveldlega verið mjög smart, úr góðum efnum og í flottum litum.“

Að lokum nefnir hann gönguskóna sína sem eru sennilega mikilvægastir. „Ég geng mjög mikið enda aldrei tekið bílpróf og vanið mig á að fara flestra minna ferða fótgangandi. Auk þess eru þetta einu skórnir sem endast eitthvað á mér, allir aðrir tætast upp á nokkrum vikum.“

Eini fylgihluturinn sem Oddur notar er byssukúluhálsfesti sem er honum mjög kær. „Ég get þó ekki sagt að hún hafi neina sérstaka merkingu, ég man ekki einu sinni hvar ég fékk hana. Þá er ég ekkert sérstaklega hrifinn af byssum sem slíkum eða hernaði. Mér finnst þessi hálsfesti fyrst og fremst bara ofboðslega töff og lít á hana sem eins konar kennileiti, líkt og Eiffelturninn í París.“

## Nýtt lag og myndband

Bárujárn hefur starfað með hléum frá 2008 og sérhæft sig í brimbrettarokki (e. surf-rock). Sveitin hefur sent frá sér þröngskífu og breiðskífu, sigrað í hljómsveitakeppninni Þorskastríðinu og hitað upp fyrir Brand Enni á hljómleikum í Færeyjum, heimaslóðum hans. „Við gáfum nýlega út lag sem heitir Vopnafjörður. Lagið er instrúmental brimsýru-rokklag, mjög þematískt og ríkt af tjáningu. Við förum allan tilfinningaskalann, allt frá ærslafullri gleði til tregafullrar íhugunar. Nýverið kom út myndband við lagið sem hægt er að skoða á YouTube.“ Framundan er hljóðblöndun næstu breiðskífu og gerð fleiri myndbanda. „Næstu tónleikar verða 15. september þegar ameríska útvarpsstöðin KFJC kemur til landsins og heldur partí á Kex hosteli.“

Tónlist Bárujárns má finna á Soundcloud og hægt er að fylgjast með sveitinni á Facebook.



Skyrtuna frá Abercrombie & Fitch segir Oddur bestu kaupin. Byssukúluhálsfestin er á sínum stað flesta daga. MYNDIR/EYÞÓR

> Ég elska joggingbuxur vegna þess að þær eru þægilegar og það er auðvelt að klæða sig í og úr þeim. Þægindi eru mér mjög mikilvæg en auk þess geta þær auðveldlega verið mjög smart, úr góðum efnum og í flottum litum.



Oddur ferðast yfirleitt um fótgangandi og þá skipta skórnir öllu máli. Hann klæðist einnig joggingbuxum flesta daga vikunnar.



Stærðir 38-52
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Ný sumarsending



Túnika ermalaus
kr. 7.900.-
Str. 44-56
fleiri litir

Túnika kvarterma
Kr. 7.900.-
Str. 40-54
fleiri litir

Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Kanye West er fertugur í dag. Hann þykir flottur í tauinu og hefur haslað sér völl í tískuheiminum síðustu ár.

## Kanye fagnar fertugu í dag

Tónlistarmaðurinn Kanye West fagnar fertugu í dag. Honum er fleira til lista lagt og hannar bæði föt og skó af krafti. Kanye hafði víst lengi dreymt um að verða fatahönnuður áður en hann haslaði sér loks völl í tískubransanum. Eiginkona Kanye, Kim Kardashian vekur oftar athygli en hann fyrir afgerandi klæðaburð. Hann þykir þó með betur klæddum mönnum og er fastagestur á fremsta bekk tískusýninga.

Kanye sendi frá sér sína fyrstu fatalínu haustið 2005 undir heitinu Pastelle. Fatahönnunardraumarnir fóru rólega af stað og var framleiðslu línunnar hætt fjórum árum síðar. Þá hófst samstarf hans við Nike um hönnun á skóm og fljótlega kynnti Kanye skólínu fyrir Louis Vuitton. Þá hefur hann einnig hannað skó fyrir Bape og Guiseppe Zanotti.

Árið 2011 kynnti Kanye nýja kvenfatalínu á tískuvikunni í París. Viðtökurnar voru þó blendnar og jafnvel neikvæðar frá helstu tískuspekúlöntum, meðal annars The New York Times, Herald Tribune, Harpers Bazaar og fleirum. Árið eftir sýndi Kanye nýja línu og þótti þá hafa bætt sig til muna.

Fatahönnunardraumurinn tók á sig mynd og fljótlega tilkynnti Adidas að fyrirtækið hefði gert samning við Kanye um hönnun nýrrar skólínu. Í framhaldinu kom einnig ný fatalína eftir Kanye fyrir Adidas og hlaut góðar viðtökur, meðal annars hjá Vogue. Línunni var hleypt af stokkunum með stæl, bein útsending í þrettán löndum og 9.000 skópör, sem framleidd voru í takmörkuðu upplagi, seldust upp á tíu mínútum. Sama ár sýndi Kanye nýja línu á tískuvikunni í New york og enn nýja í tengslum við útgáfu plötu sinnar, The Life of Pablo. Adidas tilkynnti loks að langtímasamningur hefði verið gerður við Kanye um samstarf.

**www.wikpedia.org**



# Neitar að fylgja útlitsstöðlum

Leik- og söngkonan Miley Cyrus var ein þeirra fjölmörgu sem komu fram á minningartónleikum um fórnarlömb hryðjuverkaárásarinnar í Manchester 4. júní og tók meðal annars lagið með Ariönu Grande við mikinn fögnuð.

Tvílitt hárið vakti athygli en hún er þekkt fyrir að skarta djörfum hárgreiðslum og hefur ýmist verið krúnurökuð, með dredda eða pastellitað hár. Það stendur yfirleitt ekki á svörum þegar hún er spurð og er með skýringuna á nýja útlitinu á reiðum höndum. „Ég er bæði hrifin af brúnu og ljósu hári. Með þessu móti þarf ég ekki að velja á milli,“ sagði hún í samtali við breska blaðið Yahoo og bætti við: „Þá er alltaf ákveðin pressa á konur að uppfylla einhverja fyrirframákveðna útlitsstaðla og ég nenni einfaldlega ekki að taka þátt í því.“



Miley er bæði hrifin af brúnu og ljósu hári. Með þessu móti þarf hún ekki að velja á milli.



# Ofurkona og fegurðardrottning

## Kvikmyndin Wonder Woman var nýverið frumsýnd í íslenskum bíóhúsum. Með aðalhlutverkið fer ísraelska leikkonan Gal Gadot.

Gal Gadot fæddist í Rosh Ha'ayin í Ísrael árið 1985. Fimmtán ára gömul fór hún að sitja fyrir í auglýsingum og tímaritum og hefur fyrirsætuferillinn verið farsæll meðfram öllu öðru sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Hún var valin ungfrú Ísrael átján ára gömul og hafði klárað ár í lögfræðinámi þegar henni bauðst að feta leiklistarbrautina.

Þegar hún var tvítug gegndi hún herþjónustu í tvö ár sem hún segir að hafi mótað persónu sína mjög. Árið 2007 sat hún fyrir í tímaritinu Maxim í myndaröðinni „Women of the Israeli Army“ eða „konur í ísraelska hernum“ og vakti töluverða athygli.

Fyrsta hlutverk Gal Gadot var í fjórðu Fast and Furious myndinni árið 2009 þar sem hún lék Gisele. Hún fór með sama hlutverk í næstu tveimur F&F myndunum og lék sjálf í öllum áhættuatriðum.

Hún kom fram í myndunum Date Night (2010) og Knight and Day (2010) en kom fyrst fram sem ofurkonan Wonder Woman í myndinni Batman v Superman: Dawn of Justice (2016). Hún er nú í fyrsta sinn í aðalhlutverki í hinni nýju mynd Wonder Woman sem nú er sýnd í bíóhúsum á Íslandi.

Gadot lærði að beita sverði og æfði kung fu, kickbox, capoeira og brasilískt jiu-jitsu þegar hún undirbjó sig fyrir hlutverk sitt sem ofurkonan. Þykir frammistaða hennar bera af á hvíta tjaldinu en myndin sjálf hefur fengið afar misjafna dóma.

Gadot er mikil áhugakona um mótorhjól og á sjálf svart Ducati Monster-S2R árgerð 2006. Hún er gift Yaron Versano og eiga þau tvær dætur.



Í rauðum flauelskjól frá Prada.



Í svörtum kjól frá Prada á frumsýningu Wonder Woman í Mexíkó.



Í fallega rauðum kjól frá Givenchy.



Töff týpa í svörtum smóking.

SECRET × SOLSTICE × 2017
SÉRBLAÐ

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við hátíðarhaldara Secret Solstice að sérblaði um hátíðina.

Allt sem þú þarft að vita um hátíðina kemur fram í blaðinu. Blaðið kemur út 12. júní

Áhugasamir geta haft samband við Jón Ívar.

Sími 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FOO FIGHTERS
THE PRODIGY RICHARD ASHCROFT RICK ROSS
BIG SEAN CHAKA KHAN RHYE
KERRI CHANDLER ANDERSON .PAAK & THE FREE NATIONALS seth troxler
UNKNOWN MORTAL ORCHESTRA DUBFIRE D U S K Y Pharoahe Monch
+ fleiri


ALLT INNIFALIÐ
ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUM*
NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000
NR. 2042
VERÐ KR. 178.900
NR. 2046
VERÐ KR. 251.900
NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900
NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900
NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900
NR. 2021
VERÐ KR. 294.900
NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000
MIKIÐ ÚRVAL LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI
NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900
NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900
FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
*AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
MÖRKIN 4
REYKJAVÍK
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Heilsa

## Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. s. 855 3199

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Rússneskir gæða sjónaukar frá Yukon 25 % afsláttur af öllum sjónaukum Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**ÞÝSKA SENDIRÁÐIÐ**
óskar eftir 4ja herb. íbúð til leigu í fjögur ár frá 15.08.2017 í Reykjavík eða nágrenni, helst m/bílskúr-skýli. Sendið upp. vinsamlegast á info@reykjavik.diplo.de og 530 1100

Óska eftir litlu húsnæði í austurborginni undir mjög léttan iðnað ca. 20-30fm. Bílskúr með rafmagni gæti dugað, þarf ekki að vera merkilegt. Bjarni s. 845 2510

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast í sumarafleysingar í bakarí eftir hádegi og annan hvern lau. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is




BYLGJAN 989




GULL BYLGJAN 909




586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

## Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS
S.773-4700 og 520-3500

## Snyrtivöruverslun á Laugavegi

**Til sölu á frábærum stað, mjög sýnileg í ca. 65 fm húsnæði. Tæpl. 5 ára leigusamningur. Innifalið eru verslunarinnréttingar og vörulager og öll sambönd. Gott verð eða 7 millj.**

**Uppl gefur Óskar á netfanfginu oskar@atv.is og í síma 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

# SAMÞYKKT Á BREYTINGU

## Deiliskipulag Suðurhafnar vegna Fornubúða 5

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti 27. 04. 2017 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðarinnar Fornubúðir 5. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Athugasemd barst og hefur þeim, sem gerðu athugasemd, verið send umsögn sveitarstjórnar. Sú breyting var gerð frá auglýstri tillögu að heimilt verður að reisa skrifstofu- og þjónustuhús með bílakjallara og veittar heimildir til hærra nýtingarhlutfalls, aukinnar hámarkshæðar bygginga og stækkunar byggingarreits. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. maí 2017.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Póstdreifing

við komum því til skila

VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...

værirðu til í að hafa útiljósin kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?

www.postdreifing.is

# Útboð

Veitur ohf., óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

## MIKLABRAUT STOFNÆÐ KALDAVATNSVEITU STIGAHLÍÐ - KRINGLA

Verkið felst í því að leggja DN 800 ductilpípu frá lokahúsi við Stigahlíð, yfir Kringlumýrarbraut og að fráein við Kringluna. Þá skal leggja 630 mm. plastpípu frá fyrrnefndu lokahúsi og tengja hana við núverandi 600 mm. premopípu í miðeyju Kringlumýrarbrautar. auk 280 mm. plastpípu frá lokahúsinu og að Kringlumýrarbraut.

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „VEV-2017-15, Miklabraut stofnæð kaldavatnsveitu Stigahlíð - Kringla útgefnum í maí 2017"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með laugardeginum 03.06.2017 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016

Tilboð verða opnuð hjá Veitum ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 15.06.2017 kl. 10:30

VEV-2017-15 03.06.2017

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

VEITUR

# Útboð

Veitur ohf., óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

## STÁLHANDRIÐ OG JARÐVINNA VIÐ DEILDARTUNGUHVER

Verkefnið fellst í fyllingu og greftri, auk endurnýjunar á asbestlögnum sem liggja á hverasvæðinu, sem og uppsteypu á vegg þar sem stálhandriði verður komið fyrir ofaná.

Stálsmíðin fellst í smíði og uppsetning á fyrrnefndu stálhandriði.

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „VEV-2017-16, Stálhandrið og jarðvinna við Deildartunguhver útgefin í maí 2017"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með þriðjudeginum 06.06.2017 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016

Tilboð verða opnuð hjá Veitum ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, föstudaginn16.06.2017 kl. 11:00

VEV-2017-16 03.06.2017

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

VEITUR

INHOPE insafe SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014-2016



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

***Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI***

# Mýrargata – Seljavegur




***Mýrargata 27.*** **Parhús -** ***188,4 fermetrar.*** ***Verð 99.900.000.-***
***Mýrargata 29.*** **Parhús -** ***188,4 fermetrar.*** ***Verð 99.900.000.-***
***Seljavegur 1A.*** **Parhús -** ***191,3 fermetrar.*** ***Verð 104.900.000.-***
***Seljavegur 1B.*** **Parhús -** ***193,8 fermetrar.*** ***Verð 104.900.000.-***

Byggingaraðili: Arwen Holdings ehf. Arkitekt: Þorleifur Eggertsson

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali, netfang: gtj@fastmark.is

# Glæsileg nýbygging

## Einstakt tækifæri til að eignast sérbýli í miðborginni.





## Sölusýning í dag 8. júní frá kl. 17.00 - 19.00

**Um er að ræða fjögur parhús á þremur hæðum með möguleika á sér íbúðum á jarðhæð.**

- Eignirnar afhendast fullfrágengnar að utan sem innan en án innréttinga í eldhúsi.
- Afhending verður í júlí/ágúst 2017.
- Möguleiki er að útbúa aukaíbúð á jarðhæð parhúsanna.
- Stórar svalir eru til suðurs á öllum húsum.

- Aukin einangrun og aukin hljóðeinangrun á milli rýma.
- Þrefalt gasfyllt gler í gluggum.
- Lóðir skilast með hellulögn með hitalögnum undir og grasflötum.
- Sér lóðir með hverju húsi afhendast einnig fullfrágengnar.

## Blóðugur bardagi hjá Mörgæsunum og Rándýrunum



Ekkert gefið eftir Nú stendur yfir úrslitarimman í amerísku NHL-deildinni í íshokkí. Þar mætast Pittsburgh Penguins og Nashville Predators. Staðan í einvígi liðanna er 2-2. Mörgæsirnar unnu fyrstu tvo leikina en Rándýrin hafa svarað með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Kominn tími á að taka þá

**Emil Hallfreðsson segir að sjálfstraustið sé gott í íslenska liðinu fyrir leikinn gegn Króatíu. Miðjumaðurinn er ekki farinn að huga að heimferð eftir tæp tíu ár á Ítalíu og segir að hann verði alltaf með annan fótinn úti.**

**FÓTBOLTI** „Lífið leikur við mig. Var að klára mjög skemmtilegt tímabil á Ítalíu og kem hingað í góðu standi,“ segir landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson afar léttur og kátur fyrir æfingu hjá íslenska landsliðinu á Laugardalsvelli.

Emil var að klára sitt annað tímabil með ítalska úrvalsdeildarliðinu Udinese þar sem hann var í lykilhlutverki. Spilaði 28 leiki og var 23 sinnum í byrjunarliðinu. Udinese hafnaði í þrettánda sæti deildarinnar.

### Ánægður með veturinn

„Það urðu þjálfaraskipti eftir einhverja tíu leiki og nýi þjálfarinn setti mig aðeins aftar á völlinn. Ég var að leika fyrir framan vörnina í tveggja manna miðju. Ég spilaði flesta leiki og það var mjög skemmtilegt. Það gekk vel hjá mér. Það skiptir máli að spila og hafa gaman af þessu. Þannig var svolítið tímabilið hjá mér,“ segir Emil og brosir út að eyrum. Augljóslega himinlifandi með góðan vetur.

Hafnfirðingurinn er búinn að spila á Ítalíu í níu ár af síðustu tíu. Var hjá Barnsley leiktíðina 2009-10 eftir tvö ár hjá Reggina. Svo tók við sex ára vera hjá Hellas Verona áður en hann fór yfir til Udinese fyrir tveim árum. Emil neitar því ekki að hann sé orðinn ansi ítalskur.

### Framtíðin óráðin

„Ég held ég sé orðinn aðeins of ítalskur,“ segir Emil og hlær dátt. „Ég er svo að ala upp tvö börn sem eru auðvitað líka ítölsk. Þetta eru orðin góð tíu ár á Ítalíu og þar hefur mér liðið mjög vel,“ segir hinn 32 ára gamli Emil en sér hann fyrir sér að geta flutt heim eftir að ferlinum lýkur eftir að hafa kynnst ljúfa lífinu á Ítalíu? „Það er mjög erfið spurning. Ég veit það ekki alveg. Ég held ég verði alltaf með annan fótinn á Ítalíu. Ég er auðvitað kominn í rauðvínsbransann úti og verð því pottþétt með annan fótinn þarna úti. Svo kitlar auðvitað alltaf að koma heim fyrir börnin og svona. Ég ætla ekki alveg að taka ákvörðun um hvað ég geri og hvenær í þessu viðtali,“ segir miðjumaðurinn léttur en hann er nú ekkert á því að leggja skóna á hilluna alveg strax enda á besta aldri. Hann telur sig eiga fleiri góð ár inni.



Það var létt yfir Emil í Laugardalnum. Hann er klár í bátana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Þreytt að ná aldrei úrslitum

Á sunnudag er stórleikur hjá strákunum í landsliðinu gegn Króatíu. Algjör lykilleikur í riðlinum upp á framhaldið. Sigur á frábæru liði Króata myndi setja íslenska liðið í afar góða stöðu. Þetta er enn einn stórleikurinn gegn Króatíu á síðustu árum.

„Er ekki kominn tími á að við tökum þá núna? Það verður þreytt að spila alltaf við þá og ná ekki úrslitum. Við stefnum á að taka þá núna og jafna við þá í riðlinum. Þetta er ótrúlega spennandi og það er bara mikil tilhlökkun í hópnum fyrir þessu skemmtilega verkefni. Allir einbeittir og ætla sér að ná í góð úrslit,“ segir Emil og mælir vel. Það er svo sannarlega kominn tími á að leggja Króatana.

### Verður stríðsleikur

Því er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort það festist ekki í hausnum á mönnum að Króatía vinni alltaf. Hefur það engin áhrif á andlegu hliðina?

„Það gæti verið en ég held að við hugsum þannig að núna sé dagurinn þar sem við snúum taflinu við. Ég held að allir hugsi að nú sé komið að okkur. Það gefur okkur sjálfstraust til að klára þennan leik. Lykillinn að því er að verða fáránlega grimmir og berjast allan tímann. Ég held að þetta verði stríðsleikur og að við vinnum þá í baráttunni. Maður vonar að sumir þeirra séu svolítið hátt uppi fyrir leikinn en svo verður það örugglega ekki,“ segir Emil og glottir. henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Keflavík - Haukar 3-0**

1-0 Frans Elvarsson (42.), 2-0 Ísak Óli Ólafsson (52.), 3-0 Marko Nikolic (79).

**MÆTA NOREGI Í KVÖLD**
Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir því norska á Gjensidige Cup, fjögurra liða æfingamóti í Noregi, í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 20.00. Marga lykilmenn vantar í íslenska liðið, þ. á m. alla leikmennina sem leika í Þýskalandi. Þá fengu Aron Pálmarsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Arnór Atlason frí. Sjö nýliðar eru í íslenska hópnum sem fór til Noregs. Á morgun mætir Ísland Póllandi og á sunnudaginn etja strákarnir okkar kappi við Svía, sem Kristján Andrésson þjálfar.



**STJARNAN FÉKK ERFIÐA LEIKI**
Dregið var í 8 liða úrslit Borgunarbikars karla og kvenna í gær og það er óhætt að segja að Stjörnuliðin hafi fengið verðuga andstæðinga. Í kvennaflokki mætir Stjarnan heitasta liði landsins, Þór/KA, Valur mætir toppliði 1. deildar, HK/Víkingi, Tindastóll, botnlið 1. deildar, sækir Grindavík heim og ÍBV fær Hauka í heimsókn. Karlamegin mæta Stjörnumenn KR-ingum í Garðabænum, ÍBV sækir Víking R. heim, Skagamenn fara í Breiðholtið og mæta þar Leiknismönnum og Fylkir, topplið Inkasso-deildarinnar, fær Íslandsmeistara FH í heimsókn.

**Þvílíkt klúður hjá Liverpool. Van Dijk vildi koma og hefði bætt vörnina helling. Vonandi kemur ekki einhver trúður í staðinn.**

Magnús Már Einarsson
**@maggimar**

**FYRIRLIÐINN EKKI MEÐ**
Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, tekur ekki þátt í vináttulandsleiknum gegn Írlandi í Dublin í kvöld vegna hnémeiðsla. Ekki er þó loku fyrir það skotið að Margrét Lára verði með í vináttulandsleiknum gegn Brasilíu á Laugardalsvelli á þriðjudaginn kemur. Leikurinn gegn Írum í kvöld er sá næstsíðasti hjá íslenska liðinu fyrir EM í Hollandi í næsta mánuði. Ísland og Írland hafa fjórum sinnum mæst, síðast 2008. Íslendingar hafa unnið tvo leiki og tvisvar sinnum hefur orðið jafntefli. Leikurinn í kvöld hefst klukkan 18.30.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.30** | **Manulife LPGA** | Golfstöðin |
| **17.50** | **Fram - Þór** | Sport |
| **20.00** | **FedEx St Jude** | Golfstöðin |

**Inkasso-deildin:**

**18.00** **Fram - Þór**
**19.15** **Grótta - ÍR**
**19.15** **HK - Þróttur R.**




HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# FERÐAVAGNA-SKOÐUN

**FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU.**




**Frumherji**
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

## Merkisatburðir

**1783** Skaftáreldar hefjast. Í kjölfar þeirra fylgdu Móðuharðindin.
**1789** Jarðskjálftahrina hefst á Suðurlandi. Skjálftar koma með allt að tíu mínútna millibili og standa í viku.
**1887** Herman Hollerith fær einkaleyfi á stimpilklukku.
**1919** Kaupfélag Dýrfirðinga er stofnað á Mýrum.
**1968** James Earl Ray er handtekinn fyrir morðið á dr. Martin Luther King, Jr.
**1968** Robert F. Kennedy er jarðsettur.
**1978** Intel sendir frá sér Intel 8086-örgjörvann, fyrsta örgjörvann sem byggir á x86-hönnun.
**1990** Fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í Tékkóslóvakíu frá 1945 fóru fram.
**2002** Íslensk stjórnvöld neita meðlimum Falun Gong-hreyfingarinnar um landvistarleyfi vegna ótta við mótmæli.
**2008** Vatnajökulsþjóðgarður er stofnaður.
**2009** Mótmælt er við Alþingi og er smápeningum kastað í húsið. Daginn eftir stendur í Morgunblaðinu að eldar hafi verið slökktir en ekki reiði.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Tómas Á. Tómasson**

fv. sendiherra,
Espigerði 4, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 3. júní sl. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 13. júní 2017 kl. 15.00.

**Hjördís Gunnarsdóttir**
**Jón Tómasson** **Evelyn Tómasson**
**Ingibjörg Tómasdóttir** **Hannes Þ. Bjarnason**
**Tómas Tómasson** **Jennifer Tómasson**
**Árni Tómasson** **Salvör Thorlacius**
**og barnabörn.**



**Pálmar Þorgeirsson**

á Flúðum.

Kæru sveitungar, vandamenn og vinir nær og fjær.
Hlýjar hugsanir og bænir ykkar hjálpa okkur í sorginni og í gegnum erfiða tíma. Með þakklæti og góðum óskum förum við út í sumarið.

Til minningar um Pálmar Þorgeirsson, viljum við benda á söfnun fyrir sjálfvirkum hjartahnoðara sem Björgunarfélagið Eyvindur stendur fyrir núna. Reikningsnúmer 0325-13-301382 – kt. 460100-2590.

**Ragnhildur, Lára Bryndís, Rúnar, Svavar Geir og fjölskyldur, Svava Pálsdóttir og stórfjölskyldan öll.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ara Sigþórs Eðvaldssonar**

rafvirkjameistara,
Brimnesvegi 22, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri og Heimahlynninga. Einnig þökkum við tónlistarfólki fyrir frábæran flutning við útförina.

**Minný Kristbjörg Eggertsdóttir**
**Björn Reynarð Arason** **Berglind Gylfadóttir**
**Bylgja Rúna Aradóttir** **Hinrik Karl Hinriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Grímur Karlsson**

skipstjóri og líkanasmiður,
Klapparstíg 13, Njarðvík,

er látinn.

**Sigríður Dúa Goldsworthy, Einar Hannesson, Hulda Karen Róbertsdóttir, Bergur P. Kristinsson, Dúi Grímur, Grímur Karl, Áslaug Dís, Þóra Kristín og Ásdís Eva**

# Nýja ritröðin Pastel frá höfuðstað Norðurlands

**Pastel nefnist ný ritröð gefin út og prentuð á Akureyri af Flóru, menningarstað sem sér um ýmsa menningarviðburði og útgáfu á Norðurlandi. Ritin í þessu fyrsta holli eru hönnuð eftir gömlum fundargerðum frá sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu en eru þó fjölbreytt.**

Flóra er menningarstaður á Akureyri með þríþætta starfsemi: menningarviðburði, vinnustofur og svo verslun og allt er þetta í hjarta Akureyrarbæjar. Flóra hefur verið starfrækt í sex ár og gefur nú út fyrsta holl ritraðarinnar Pastel. Af því tilefni verður útgáfuhóf í Flóru á Akureyri á föstudaginn klukkan 17.

„Við erum að fagna útgáfu fyrstu fimm rita í ritröðinni Pastel sem er gefin út af Flóru. Þessi útgáfa er í raun hluti af menningardagskrá okkar. Við erum alltaf með árlegt menningarprógramm sem samanstendur af sýningum, tónleikum, uppákomum, upplestrum og svo framvegis. Í ár ákváðum við að hluti af menningardagskrá Flóru væri þessi útgáfa. Það eru væntanleg fleiri rit í ritröðinni á næstu árum – á hverju vori að minnsta kosti og jafnvel eitthvað inn á milli líka,“ segir Kristín Kjartansdóttir, framkvæmdastýra Flóru.

Höfundar í þessu fyrsta holli koma úr ýmsum áttum úr hinum skapandi geira, en þeir eru Margrét H. Blöndal, Þórgunnur Oddsdóttir, Kristín Þóra Kjartansdóttir, Megas og Hlynur Hallsson. Útgáfan er aðeins hundrað eintök sem eru árituð og númeruð og þau verða ekki endurútgefin. Öll ritin voru unnin í nánu samstarfi hönnuðar ritraðarinnar, Júlíu Runólfsdóttur, og höfundar – þannig að það má segja að útkoman sé nokkuð persónubundin eftir höfundinum. Pastel er öll gefin út og prentuð á Akureyri þó að höfundarnir séu sumir hverjir úr höfuðborginni.

„Þetta eru lítil rit, fyrirmyndin að þeim eru gamlir bæklingar frá því um miðja tuttugustu öld sem við fengum gefins í fyrra frá bóndabæ hér á Norðurlandi – þau gáfu okkur mikið af gömlum ritum og þar á meðal voru fundargerðir sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Þær eru í þessu formati – útlitið á þeim er þannig að þau eru lítil og þunn, mjög hversdagsleg, þetta eru náttúrulega fundargerðir.



Höfundar ritanna ásamt Júlíu Runólfsdóttur, hönnuði. MYND/HUGI HLYNSSON

### Ritin í fyrstu útgáfu í Pastel ritröðinni

**Pastel 01 Margrét H. Blöndal:** Mér finnst eins og ég sé
**Pastel 02 Þórgunnur Oddsdóttir:** 10 verk sem ég guggnaði á að gera
**Pastel 03 Kristín Þóra Kjartansdóttir:** Varmhagi
**Pastel 04 Megas:** Geitungabúið mitt (ekki er allt sem sýnist þó sjáist)
**Pastel 05 Hlynur Hallsson:** Þúsund dagar – Dagur eitt til eitthundraðþrjátíuogátta

Júlía Runólfsdóttir hönnuður hannaði ritin fyrir okkur og setti þau upp og vann út frá þessum gömlu ritum varðandi útlitið og stílinn. Þetta er eins og maður sé að fá í hendurnar einhvers konar samantekt – en innihaldið er allt annað.

Það er erfitt að skilgreina efnið – allir höfundarnir liggja svolítið á milli ýmissa sviða skapandi geirans. Þetta eru prósaljóð, frásagnir, dagbókarbrot og svo er myndefni veigamikið á köflum, hjá sumum meira en öðrum. Þetta er svolítið myndefni en þetta teljast samt ritverk. Það er gaman að geta gefið út svona verk hér á Akureyri – það eru ekkert rosalega margir að gefa út hérna fyrir norðan,“ segir Kristín sem telur að þessi útgáfa geti virkað sem lyftistöng fyrir bókmenntaumræðu og -útgáfu norðan heiða en hún segir hana ekki vera fyrirferðarmikla eins og málin standa í dag.

stefanthor@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Lárusson**

verkefnastjóri hjá Isavia,
Pósthússtræti 1, Keflavík,

er látinn.
Útför verður auglýst síðar.

**Jóna Hróbjartsdóttir**
**Lárus F. Guðmundsson** **Ásta B. Ragnarsdóttir**
**Ágúst Þ. Guðmundsson** **Lóa Rut Reynisdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
bróðir, tengdafaðir og afi,

**Pétur Vilhjálmsson**

lést aðfaranótt mánudagsins 5. júní og verður útför haldin föstudaginn 9. júní kl. 13 í Árbæjarkirkju. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Sigrún Pétursdóttir** **Þorsteinn Einarsson**
**Vilhjálmur G. Pétursson** **Oddný H. Arnold**
**Tryggvi Áki Pétursson**
**Auður Sjöfn og Snorri Ólafsbörn**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Jóhanna Vilhjálmsdóttir** **Örn Guðmarsson**
**Jóhann S. Vilhjálmsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
sonur, bróðir og mágur,

**Óskar Arnarsson**

Álagranda 22, Reykjavík,

lést af slysförum 31. maí sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 13. júní kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð sona hans, reiknr. 111-05-266991, kt. 160868-4659.

**Ragnhildur Elín Garðarsdóttir**
**Arnar Þorri Óskarsson**
**Garðar Ernir Óskarsson**
**Margrét Ingibjörg Hansen**
**Sigrún M. Arnarsdóttir** **Kristján Sturluson**
**Ingibjörg Anna Arnarsdóttir** **Bjarni Brynjólfsson**
**Guðmundur Arnarsson**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Vilhjálmur Vilbergsson**

fyrrv. bóndi Felli, Biskupstungum,

verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 10. júní kl. 14.00. Jarðsett verður í Haukadal.

**Auður Kristjánsdóttir**
**Kjartan Jóhannsson** **Steinunn Bjarnadóttir**
**Agnar Jóhannsson** **Margrét Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Jóhannsdóttir** **Grímur Guðmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SAMSUNG

# RÝMUM

## FYRIR NÝJUM SJÓNVÖRPUM

Af því tilefni ætlum við að lækka verð á eldri sjónvörpum svo um munar. Hvort sem þú kýst að tala um afslátt, tilboð eða lækkun, þá er niðurstaðan sú sama, **þú eignast hágæða Samsung sjónvarp á verði sem hefur ekki sést áður**. Komdu og gerðu góð kaup á meðan birgðir endast.

40” 55” 65” 49”

ULTRA HD PREMIUM

Samsung SMART TV The Future of Smart TV, Now

ULTRA HD

SUHD TV 4K

x4 PLUS Quad Core+

SAMSUNG EKTA UHD 4K TV Staðfest af:

Nano Crystal Color

Curved




Verðdæmi: 55” UHD, bogið 4K sjónvarp á 114.900,-

samsungsetrid.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Heldur hægari norðlæg átt í dag og minnkandi úrkoma en áfram líkur á síðdegisskúrum sunnan til á landinu. Ívið hlýrra veður.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° ↓7 | 6° ↘9 | 5° ↗7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° →3 | 6° ←6 | 2° ↓3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ←2 | 8° ←4 | 10° ↙3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° ↙3 | 11° ↖5 | 7° ↓1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. rólega
6. í röð
8. stansa
9. bekkur
11. tvíhljóði
12. sannfæringar
14. fugls hljóð
16. málmur
17. óvild
18. flan
20. komast
21. einsöngur

**LÓÐRÉTT**
1. eyðast
3. tveir eins
4. fúslega
5. efni
7. sjúkdómur
10. ferð
13. í viðbót
15. skarpur
16. púka
19. ætíð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. hægt, 6. áþ, 8. æja, 9. set, 11. au, 12. trúar, 14. krunk, 16. ál, 17. kal, 18. ras, 20. ná, 21. aría.
**LÓÐRÉTT:** 1. mást, 3. ææ, 4. gjarnan, 5. tau, 7. berklar, 10. túr, 13. auk, 15. klár, 16. ára, 19. sí.

## Skák Gunnar Björnsson

Bareev átti leik gegn Kupreichik í Mosvku árið 1990.
**Hvítur á leik**
**1. Re6! fxe6 (1...Rxe6 2. Dxd2) 2. Hxg6+! 1-0.**
Ofurmót hófst í Stafangri í Noregi í fyrradag. Nakamura var eini sigurvegarinn í fyrstu umferð. Carlsen gerði jafntefli við Wesley So.
**www.skak.is** Ofurmót í Noregi.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



bauhaus.is

# BAUHAUS

Sumarhátíð
frábært verð
gæðavörur á betra verði




**30%**
afsláttur af allri málningu frá Sadolin og Pinotex
m.v. gildandi almennt verð

Mikið af góðum tilboðum alla helgina!
sjón er sögu ríkari...
hlökkum til að sjá ykkur



**30%**
afsláttur af öllum gardhúsgögnum
m.v. gildandi almennt verð



**20%**
afsláttur af garðverkfærum og sláttuvélum frá **BOSCH**
m.v. gildandi almennt verð

## Grillveisla í BAUHAUS laugardaginn 10. júní.

Á milli klukkan 12 og 16 á laugardaginn grillum við pylsur fyrir viðskiptavini og verðum með hoppukastala fyrir börnin. Hlökkum til að sjá ykkur







BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Guð fær greitt í dollurum heitir þetta verk eftir Magnús Helgason.

## Sumar

**Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni eru**

Aðalsteinn Þórsson
Arnar Ómarsson
Auður Lóa Guðnadóttir
Auður Ómarsdóttir
Árni Jónsson
Bergþór Morthens
Björg Eiríksdóttir
Brynhildur Kristinsdóttir
Erwin van der Werve
Helga Björg Jónasardóttir
Hertha Richardt Úlfarsdóttir
Hildur Ása Henrýsdóttir
Jónborg Sigurðardóttir
Jónína Björg Helgadóttir
Karl Guðmundsson
Magnús Helgason
Rebekka Kühnis
Sara Björg Bjarnadóttir
Sigríður Huld Ingvarsdóttir
Snorri Ásmundsson
Svava Þórdís Baldvinsdóttir Júlíusson

# Húllumhæ beggja vegna Listagilsins á laugardag




**Málverk, vídeó, skúlptúrar, ljósmyndir og teikningar eftir norðlenska listamenn mynda sýninguna Sumar sem verður opnuð á laugardaginn og stendur í allt sumar í Ketilhúsinu á Akureyri.**



„Útkoman úr svona söfnun er þannig að úr verður sýning sem ekkert auðvelt er að raða saman – verkin eru svo fjölbreytt – en það er skemmtilegt verkefni," segir Hlynur. MYND/AUÐUNN NÍELSSON



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það frábæra við að auglýsa eftir þátttöku á svona stóra samsýningu er að maður uppgötvar alltaf eitthvað nýtt. Það koma inn verk frá myndlistarmönnum sem maður vissi ekki einu sinni að væru til," segir Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, sem er í óðaönn að setja upp sýninguna Sumar í Ketilhúsinu. Þar eru verk af ólíkum toga, meðal annars málverk, skúlptúrar, ljósmyndir, vídeóverk og teikningar, eftir norðlenska listamenn, 21 talsins. Flestir eru með eitt verk en að hámarki þrjú.

„Auðvitað er skilgreiningaratriði hvað séu norðlenskir listamenn," segir Hlynur. „En ellefu þeirra sem sýna núna í Ketilhúsinu búa og starfa á Norðurlandi. Tíu búa annars staðar en starfa að hluta til hérna. Bergþór Morthens býr til dæmis í Gautaborg en er mikið á Siglufirði, kennir við Menntaskólann á Tröllaskaga og sýnir hér oft. Snorri Ásmunds er uppalinn hér þó fæstir tengi hann við norðlenska myndlist. Svo er Svava Þórdís fædd og uppalin á Siglufirði en fluttist til Kanada, lærði þar og starfar. Hún er með skúlptúra."



Line Orange Pile eftir Svövu Þórdísi Baldvinsdóttur Júlíusson.

Alls bárust yfir 100 verk sem fimm manna dómnefnd valdi úr. Hlynur segir þetta vera í annað sinn sem Listasafnið á Akureyri hafi það fyrirkomulag á undirbúningi sýningar. Hitt var haustið 2015. „Útkoman er þannig að úr verður sýning sem ekkert auðvelt er að raða saman – verkin eru svo fjölbreytt – en það er skemmtilegt verkefni. Síðast vorum við með verk eftir 30 listamenn en nú eru þeir 21 sem helgast af því að við stöndum í byggingarframkvæmdum í aðalrými listasafnsins og höfum bara Ketilhúsið nú. Fjöldi listamanna segir auðvitað ekki allt því verkin eru ólík að umfangi. Minnsta verkið er kannski 10x10 sentimetrar og við erum með innsetningu sem tekur um 20 fermetra. Svo eru vídeóverk og hlutfall milli málverka og skúlptúra kemur inn í þetta líka."

Hlynur segir hugmyndina að svona sýningarhaldi eldgamla. „Haustsýningar eru enn víða haldnar í Evrópu, þar er úrval af því besta sem listamenn eru að fást við þá stundina og dómnefnd hefur valið."

Sýningin Sumar verður opin í allt sumar. „Það verður mikið húllumhæ á laugardaginn því sýning þeirra sem ekki komust að verður líka opnuð í Deiglunni, hér hinum megin við götuna á vegum Gilfélagsins," segir Hlynur. „Hún heitir eitthvað á frönsku sem ég kann ekki að bera fram en þýðir: Sýning þeirra sem var hafnað."






# ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraþon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.




365ASKRIFT.IS | 365



Mótettukórinn og Alþjóðlega Barokksveitin í Hallgrímskirkju munu tjalda öllu sem til er á tvennum tónleikum sem framundan eru og fá til liðs við sig söngvara sem ekki eru af verri endanum.







# Góðar afsakanir fyrir að gera svona brjálæðislega hluti

**Stórtónleikar verða í Hallgrímskirkju um helgina. Þá verður H-moll messa eftir Bach flutt af Mótettukórnum, Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju og fjórum einsöngvurum, þar á meðal barokkstjörnum sem syngja hér í fyrsta skipti.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



H-moll messan eftir J.S. Bach hefur verið nefnd mesta tónverk allra tíma og þjóða. Með flutningi hennar nú um helgina fagna Mótettukórinn og Listvinafélag Hallgrímskirkju 35 ára afmæli á árinu. Ekki nóg með það heldur eru líka 35 ár frá því Hörður Áskelsson organisti hóf störf við kirkjuna. Hann brosir að því.

„Það er alltaf verið að finna einhverjar afsakanir fyrir að gera svona brjálæðislega hluti. Þegar maður er kominn á minn aldur eru ýmsir möguleikar. Þrjátíu og fimm ára starfsafmæli er ekki verra en hvað annað, það er gaman að upplifa það,“ segir hann.

Meðflytjendur Mótettukórsins að þessu sinni eru á heimsmælikvarða. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju er skipuð einvala liði hljóðfæraleikara víða að úr heiminum og konsertmeistari er hinn finnski Tuomo Suni. Hörður hælir honum á hvert reipi. „Tuomo Suni er alger lykilmaður. Hann er afar metnaðarfullur fyrir hönd þessarar sveitar og kemur sjálfur svo vel undirbúinn að heilmikill tími sparast á æfingum,“ lýsir hann.

Einsöngvararnir eru líka í sérflokki, að sögn Harðar. „Fyrir utan Odd Jónsson bassa og Elmar Gilbertsson tenór koma tvær stjörnur barokkheimsins fram. Það eru hin skosk-íslenska sópransöngkona Hannah Morrison og enski kontratenórinn Alex Potter. Þau syngja reglulega með virtustu barokksveitum og stjórnendum heims og hafa sungið inn á fjölda diska. Það var Árni Heimir hjá Sinfóníunni sem sagði mér frá Hönnuh og ég var inni á síðu agents erlendis að leita að kontratenór þegar ég rakst á nafnið hennar. Spurði hana í tölvupósti hvort hún væri laus til að syngja H-messuna á þessum tíma. Hún svaraði um hæl að hún vildi ekkert í heiminum frekar gera. Síðar uppgötvaði st að ég og mamma hennar höfðum verið saman í tónlistarskólanum á Akureyri sem börn og að við hjónin höfðum hitt þær mæðgur einu sinni á jólaskemmtun í Þýskalandi.“



Hörður heldur upp á 35 ára starfsafmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hin hálfíslenska Hannah Morrison hlakkar til að syngja fyrir Íslendinga.

Hannah býr í Þýskalandi en er komin til landsins vegna tónleikanna og svarar síma heima hjá frænku sinni. „Fyrir mig er hátíð er í þriðja sinn sem ég tek það upp, spilaði orgelpartinn einu sinni með Pólýfónkórnum og söng það einu sinni á námsárunum.“

Hörður viðurkennir ekki stress vegna tónleikanna heldur eftirvæntingu. „Ég þekki verkið. Þetta er í þriðja sinn sem ég tek það upp, spilaði orgelpartinn einu sinni með Pólýfónkórnum og söng það einu sinni á námsárunum.“

Tónleikarnir verða tvennir um helgina, á laugardag og sunnudag, báða dagana klukkan 17.

# ÚRVALIÐ ER Í ICELAND

KJARNAFÆÐI
**NEW YORK**
FRAMPARTSSNEIÐAR
**1199** KR. KG.

KJARNAFÆÐI
**ARGENTÍNU**
LAMBALÆRISSNEIÐAR
**2799** KR. KG.

ÍSLAND
**LAMBA PRIME**
**3599** KR. KG.

KJARNAFÆÐI
**SIRLOIN**
LAMBALÆRISSNEIÐAR
**1999** KR. KG.

ALI
**HUNANGS**
KÓTILETTUR
**2099** KR. KG.

KJÖTBANKINN
**HELGARSTEIK**
MARINERUÐ
**2099** KR. KG.

FJALLALAMB
**LÆRISSNEIÐAR**
**2999** KR. KG.

## ICELAND ER MEÐ ALLT Á GRILLIÐ

**FJALLALÆRI**
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
**1999** KR.KG

**SS LAMBALÆRI**
BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ
**1499** KR. KG

**SMASS**
HAMBORGARAR
**499** KR. PK.
2x 120g

**SS LAMBALÆRI**
BLÁBERJAKRYDDLEGIÐ
STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ
**1499** KR. KG

ORA
**GRILLSÓSUR**
VERÐ FRÁ
**429** KR. STK.
170g

**SPARERIBS**
TULIPS
**1499** KR. PK.
550g

**ALI GRÍSAHNAKKI**
FERSKUR
**1499** KR. PK.
550g

**BEN & JERRY´S**
ALLAR TEG.
**599** KR. PK.
500ml

**MARS / SNICKERS**
9 STK. Í PAKKA
**299** KR. PK.

NONNI LITLI
**GRILLSÓSUR**
VERÐ FRÁ
**299** KR. STK.
225ml

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# Undrakonan harða og söguklisjurnar



Gal Gadot og Chris Pine fara með aðalhlutverk í Wonder Woman. NORDICPHOTOS/GETTY

KVIKMYND

**Wonder Woman**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Patty Jenkins
**Framleiðendur:** Charles Roven, Deborah Snyder, Zack Snyder
**Handrit:** Allan Heinberg
**Aðalhlutverk:** Gal Gadot, Chris Pine, Robin Wright, Danny Huston

Súr er tilhugsunin um að komið sé árið 2017 og enn þá hafi ekki verið gerð framúrskarandi ofurhetjumynd með kvenpersónu í burðarhlutverki.

Eins er furðulegt að tekið hefur þetta langan tíma að fá Wonder Woman á bíótjaldið, miðað við vinsældir hennar og „legasíu“. Að vísu stendur DC-teymið sig strax betur en keppinautarnir hjá Marvel-stúdíóinu, sem getið hefur af sér heilar fimmtán bíómyndir án þess að hafa konu í lykilfókus.

Amasónprinsessan Diana, í túlkun leikkonunnar Gal Gadot, var fyrst kynnt til leiks í Batman v Superman, þar sem hún eignaði sér nokkur augnablik en staldraði ekki nógu lengi við til þess að við gætum metið ágæti hennar. Með sinni fyrstu sólómynd, sem reynist vera prýðilega heppnuð, er rakinn hér bakgrunnur hennar (með öðrum sögum inniföldum reyndar); hvernig hún varð sú hetja sem við þekkjum í dag, með því að ætla sér að binda enda á fyrri heimsstyrjöldina. Grínlaust.

Í upphafi sögunnar á Diana margt ólært, en hún er öflug bardagakona, með tilkomumikinn stökkkraft, einstaklega flink með svipuna og grjótharða réttlætiskennd að vopni. Hennar skilningur á góðu og vondu fer ekki alveg vel saman við gráu svæðin sem við hin erum reglulega umkringd, eins og Diana fær að kynnast þegar hún ferðast langt út fyrir sitt þægindasvæði í fyrsta sinn. Sagan er upp á sitt sterkasta þegar fókusnum er beint á að tengja Díönu við okkar heima, óhugnað stríðs og hvernig hún neitar að láta aðra hindra sig.

Því miður er allt sem líkist áhættu við framleiðsluna í algeru lágmarki, því farið er eftir helstu klisjum upphafssagna. Framvinda myndarinnar rennur út eins og einhver hafi soðið saman tóna og atburðarás fyrstu Captain America myndarinnar og Thor, nema hér er búið að víxla nokkrum kynjahlutverkum. Seinasti þriðjungur myndarinnar verður einnig kjánalegur (lokabardaginn sérstaklega) og nær sagan ekki alveg að vinna sér inn fyrir þeim hápunktum sem hún sækir í af fullri einlægni.

Leikararnir standa sig samt allflestir vel þótt handritið gefi þeim lítið úr að moða. Gadot ber megnið af myndinni á herðum sér með miklum stæl; hún er sjálfsörugg og mátulega svöl. Leikkonan hefur mikla útgeislun (jafnvel þegar hreimurinn þvælist fyrir henni) og það skín enn meira af henni þegar hún finnur sína styrkleika sem hetja.

Þau Chris Pine deila mátulegri kemistríu þegar samtölin verða ekki of stíf, en fyrir utan það ber Pine sig eins og hann oftast gerir, með sannfærandi blöndu af húmor og sjálfumgleði. Connie Nielsen, Danny Huston, Lucy Davis og fleiri eru traust í sínum hlutverkum. Robin Wright sker sig annars úr með flottri nærveru eins og spænska leikkonan Elena Anaya (The skin I live in) sem leikur efnafræðinginn illa Dr. Poison.




**KLISJUR ERU ÁBERANDI Í MYNDINNI EN HÚN ER ÞÓ FÍNASTA AFÞREYING.**

Leikstýran Patty Jenkins hefur aðallega unnið á smærri striga fram að þessu, með t.d. glæpadramanu Monster eða aðkomu að þáttum á borð við The Killing. Jenkins nær að tvinna saman jarðbundið drama og grískar goðafantasíur og halda andliti, en leyfa sér að hafa húmor fyrir efninu líka. Nálgunin er yfirdrifin en alvarleg, eða alvarlega yfirdrifin.

Hasaratriðin eru fín en hafa ekki þennan „vá-faktor“ sem tugir annarra ofurhetjumynda hafa fært okkur. Slíkt auðvitað gerist þegar við fáum núorðið aldrei færri en sex á hverju ári. Þetta gæti líka eitthvað haft með það að gera að brellurnar eru ekkert alltof frábærar sums staðar. „Slow-mo“ stíliseringin verður einnig fullmikil og gefur hasarsenunum oft bjagaðan takt.

Nýi, fjöltengdi bíóheimurinn hjá DC hefur ekki beinlínis farið vel af stað, þrátt fyrir allan metnað og peninga til stuðnings. Man of Steel var mikil vonbrigði og Batman v Superman og Suicide Squad reyndar yfirburða slakar, hvor á sinn máta. Þess vegna hefði þessi mynd þurft að klúðrast ansi heiftarlega til þess að eiga ekki séns á að vera betri en hinar, þó ágætlega hafi tekist til á endanum.

Wonder Woman er allavega kærkomin viðbót í ofurhetjuflóru sem á til að endurtaka sig og má alveg við fleiri breytingum eða útúrsnúningum. Það er ekki langt þangað til að við sjáum Díönu í Justice League, en fleiri (og kannski aðeins betri) sólómyndir með henni væru meira en vel þegnar.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Handritið er morandi í klisjum og lokahlutinn er áberandi veikari en restin. Afþreyingargildið er þó í lagi og Gal Gadot ber myndina uppi með miklum stæl.

Allt til kerrusmíða
- Vanræktu ekki viðhaldið -

AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER AXLE
Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918


SUMARGLEÐI
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TJÖLDUM,
REIÐHJÓLUM OG
LÍNUSKAUTUM
DAGANA 8.–11. JÚNÍ *
TJALDA- OG REIÐHJÓLADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum

LAUGARÁS BÍÓ · midi.is · 5%

THE MUMMY — SÝND KL. 5.40, 8, 10.20
BAYWATCH — SÝND KL. 8
PIRATES OF THE CARIBBEAN — SÝND KL. 10.30
Heiða — ÍSL. TAL — SÝND KL. 5.30
STUBBUR STJÓRI — ÍSL. TAL — SÝND KL. 5.30
ÉG MAN ÞIG — SÝND KL. 8, 10.20

SAMBÍÓIN · SAMbio.is · KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| THE MUMMY VIP | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| WONDER WOMAN 2D VIP | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| PIRATES 2D VIP | KL. 5:15 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 10:45 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:15 - 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 7:50 - 10:40 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 5 - 7:50 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 4:20 - 7:20 - 10:15 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 4:30 - 7:15 - 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 8 - 10:55 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 |
| PIRATES 3D | KL. 5:15 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

WONDER WOMAN · FRESH 93% · DWAYNE JOHNSON · ZAC EFRON · BAYWATCH · PIRATES OF THE CARIBBEAN SALAZAR'S REVENGE

Góða skemmtun í bíó

HAFIÐ FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti

GS IMPORT
Allur borðbúnaður fyrir veitingahús
gsimport.is
892 6975



Langar yður að sjá Aron Can á fjallstindi? Aron verður nefnilega einn þeirra sem spila á toppi Esjunnar í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar í Djúpinu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Djúpinu, kjallara Hornsins við Hafnarstræti
Í dag fara fram tónleikar í Djúpinu sem er í kjallara Hornsins við Hafnarstræti. Fram koma söngvaskáldin Ása Aðalsteinsdóttir, Hjalti Þorkelsson, Skúli mennski og Þórhallur. Það er frítt inn en frjáls framlög vel þegin.

**Hvað?** Stelpur rokka!



Selma Björns tekur alla sína helstu slagara á Græna hattinum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Mánaðarlegir viðburðir Stelpur rokka! hefjast á Lofti með magnaðri tónlistarveislu. Between mountains vann músíktilraunir 2017 og eru RuGl og Gróa einnig framúrskarandi í sinni tónlistarsköpun. Allir velkomnir, frítt inn og aðgengi fyrir fólk hreyfihömlun gott.

**Hvað?** Regína Ósk og Selma Björns fara yfir ferilinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Stelpurnar hafa sungið saman í mörg ár og fannst þeim tími til kominn að setja upp smá tónleika þar sem farið er yfir ferilinn í tali og tónum. Á dagskránni verður brot af því besta sem þær hafa verið að fást við. Með þeim spila Karl Olgeirsson á píanó og Matthías Stefánsson á fiðlu og gítar.

**Hvað?** Jazz and Blues Nights in Reykjavik
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mímisbar Radison Blu, Hagatorgi
Bjössi Thor og Anna Þuríður söngkona ásamt Fúsa Óttars og Jón Rafns. Vikulegir tónleikar þar sem gítarleikarinn Björn Thoroddsen fær til sín topp tónlistarmenn. Í kvöld verður Anna Þuríður söngkona gestur Bjössa. Ókeypis inn.

**Hvað?** Af norðlægum slóðum / From the Arctic
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Umbra kannar þjóðlagaarf Norðurlandanna og flytur í eigin útsetningum. Söngvar um mannlegan harmleik, galdra, ástir og drauma. Miðaverð: 2.500 krónur.

**Hvað?** Upprapp
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Á toppi Esjunnar
Þura Stína, Úlfur Úlfur, Aron Can og Emmsjé Gauti halda uppi stuðinu á toppi Esjunnar. Hægt er að splæsa í þyrluferð upp á topp og sömuleiðis niður aftur.

### Viðburðir

**Hvað?** Guð, hvað mér líður illa – Leiðsögn með Magnúsi Sigurðarsyni

BIO ★ PARADIS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Everybody Wants Some!! | 17:45 |
| Paterson | 17:30 |
| Hjartasteinn | 17:30 |
| Knight Of Cups | 20:00 |
| Mýrin | 20:00 |
| TÓNLEIKAR: ANDI & TSS | 22:00 |
| Lion | 22:30 |
| Hrútar | 22:00 |

Everybody Wants Some!! · KNIGHT OF CUPS

# Skólarapp sett í glænýjan búning

Á föstudaginn er dagur rauða nefsins hjá UNICEF og ýmislegt húllumhæ er í boði af því tilefni. Eitt af því sem gert verður í tilefni dagsins er að Dóri DNA ætlar að henda í einn þátt í viðbót af hinni vinsælu sjónvarpsþáttaröð Rapp í Reykjavík. Að þessu sinni mun Dóri taka viðtal við þau Þorleif Davíð Kristjánsson og Söru Dís Hjaltested en þau voru auðvitað flytjendur hins vinsæla rapplags Skólarapp af plötunni Barnabros 2 sem gerði allt vitlaust hér um árið, árið 1995 réttara sagt. Af einhverri ástæðu kannast viss kynslóð Íslendinga vel við það að fá þetta lag reglulega á heilann.

En það er ekki allt. Lagið hefur fengið glænýtt „remix“ sem verður frumflutt við sama tækifæri á föstudaginn. Það eru þeir Helgi Sæmundur og Auður sem smíðuðu þetta remix og í því kemur fram hvorki meira né minna en 21 rappari – en ekki fékkst uppgefið nákvæmlega um hvaða rappara væri að ræða þrátt fyrir endurteknar spurningar blaðamanns.

**LAGIÐ SKÓLARAPP KOM ÚT ÁRIÐ 1995 Á PLÖTUNNI BARNABROS 2.**

Það voru grínstjórar dags rauða nefsins sem sáu um að framleiða og koma þessum stóra viðburði í kring, þær Saga Garðarsdóttir og Dóra Jóhannsdóttir. **– sþh**



Dóri ræðir af innlifun við þau Þorvald Davíð og Söru Dís, rappstjörnur.

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Magnús Sigurðarson myndlistarmaður leiðir gesti um sýninguna Guð, hvað mér líður illa sem er fyrsta safnsýning Ragnars Kjartanssonar á heimavelli eftir sigurför á erlendri grundu á undanförnum árum. Magnús segir m.a. frá innsetningunni Trúnaði sem hann er meðhöfundur að en verkið er jafnframt það elsta á sýningunni. Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

**Hvað?** Opnun // Angan í A . M . Concept Space
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** A . M . Concept Space, Garðastræti
Íris Ósk Laxdal, arkitekt og stofnandi Angan, hefur skapað hugarheim þar sem hugmyndafræði Angan er í forgrunni og verður opnunin sannkölluð upplifun fyrir öll skilningarvitin. Boðið verður upp á salt- og lavenderkokteil úr íslensku gini.

**Hvað?** Málþing um Ísland og Armeníu á miðöldum
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Odda, Háskóla Íslands
Miðaldastofa Háskóla Íslands gengst fimmtudaginn 8. júní kl. 13-16 fyrir málþingi um Ísland og Armeníu á miðöldum þar sem tala bæði íslenskir og armenskir fræðimenn.

**Hvað?** Stuðningur til lífs án aðgreiningar. Full þátttaka fólks með þroskahömlun í finnsku samfélagi með stuðningi félagsþjónustunnar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóla Íslands, Stakkahlíð
Hakala er rannsakandi hjá finnsku samtökunum um þroskahömlun og dósent við Turkuháskóla. Hún ræðir um stöðu fólks með þroskahömlun í Finnlandi og notar niðurstöður þriggja rannsóknarverkefna sem öll voru unnin í samvinnu við fólk með þroskahömlun.

**Hvað?** Doktorsvörn í líffræði – Ute Stenkewitz
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Öskju, Háskóla Íslands
Í dag ver Ute Stenkewitz doktorsritgerð sína við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: Sníkjudýr og stofnbreytingar rjúpunnar á Íslandi (Parasites and population change of rock ptarmigan in Iceland).

**Hvað?** Aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskólatorgi, Háskóla Íslands
Í dag klukkan 15.00 verður haldinn aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. í stofu HT-101 í Háskólatorgi.






Skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum þætti tekur Eva Laufey á matarsóun og eldar þrælgóða rétti úr afgöngum í ísskápnum.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

**THE BLACKLIST**




Lokaþáttur af þessum stórgóðu spennuþáttum með James Spader í hlutverki Raymonds Reddington.

**ANIMAL KINGDOM**



Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!

**WHAT LIES BENEATH**



Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi.

**AMERICAN HORROR STORY: ROANOKE**




Fyrsti þáttur í frábærri nýrri seríu þar sem Jessica Lange, Sarah Paulson, Taissa Farmiga, Angela Bassett og Kathy Bates fara með aðalhlutverkin.

**ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR**



Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um Ástrík hinn galvaska, Steinrík hinn alvaska og félaga þeirra í Gaulverjabæ.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.25 Landnemarnir**
**11.10 Nettir Kettir**
**12.20 Sælkeraferðin**
**12.40 Nágrannar**
**13.05 My Big Fat Greek Wedding 2**
**14.35 My Dog Skip**
**16.10 The Simpsons**
**16.35 Impractical Jokers**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.20 2 Broke Girls**
**19.45 Masterchef Professionals - Australia**
**20.30 Í eldhúsi Evu** Frábær nýir þættir í umsjón Evu Laufeyjar þar sem hún fer á stúfana og kynnir sér hina ýmsu veitingastaði, kaffihús, bakarí og lærir nýjar aðferðir sem hún vinnur svo með í eldhúsinu heima hjá sér. Í hverjum þætti er sérstakt þema til dæmis baksturs, indverskt, asískt eða ítalskt svo dæmi séu nefnd og einnig er einn þáttur tileinkaður matarsóun.
**21.10 The Blacklist**
**21.55 Animal Kingdom**
**22.45 Training Day** Spennuþættir um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem gerast 15 árum eftir samnefnda mynd. Nýliðinn og hugsjónamaðurinn Kyle Craig er ráðinn til að vinna með reynsluhundinum Frank Rourke en aðferðir hans eru æði óvenjulegar og oftar en ekki fer hann ekki eftir bókinni við rannsókn mála. Þetta gerir það að verkum að samstarf þeirra verður á tímum afar erfitt og þá sér í lagi þegar siðferðisleg álitamál koma upp.
**23.30 Broadchurch**
**00.15 The Son**
**01.00 Shameless**
**01.50 Shameless**
**02.40 X Company**
**03.25 X-Company**
**04.05 My Big Fat Greek Wedding 2**
**05.40 The Middle**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.25 NBA 2016/2017 - Final Game**
**09.15 Pepsí deild karla 2017**
**10.55 Síðustu 20**
**11.20 Undankeppni HM 2018**
**13.00 NBA 2016/2017 - Final Game**
**14.50 1 á 1**
**1 á 1 með Gumma Ben. Rúnar Páll Sigmundsson**
**15.05 Pepsí deild karla 2017**
**16.55 Pepsímörk kvenna 2017**
**17.50 Inkasso deildin 2017**
**20.00 Premier League World 2016/2017**
**20.30 Þegar Höddi hitti Heimi**
**21.15 NBA 2016/2017 - Final Game**
**23.05 UFC Unleashed 2017**
**23.55 Inkasso deildin 2017**

### STÖÐ 3

**17.30 Raising Hope**
**17.55 New Girl**
**18.15 Mindy Project**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Fóstbræður**
**19.35 Á fullu gazi**
**19.55 Þær tvær**
**20.25 Supergirl**
**21.10 Gotham**
**21.55 American Horror Story. Roanoke**
**22.40 The New Adventures of Old Christine**
**23.00 Silicon Valley**
**23.30 Gilmore Girls**
**00.15 Fóstbræður**
**00.40 Á fullu gazi**
**01.00 Þær tvær**
**01.25 Supergirl**
**02.05 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Víkingurinn Viggó**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og Litli**
**07.38 Ljóti andarunginn og ég**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Víkingurinn Viggó**
**11.11 Zigby**
**11.25 Stóri og Litli**
**11.38 Ljóti andarunginn og ég**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Víkingurinn Viggó**
**15.11 Zigby**
**15.25 Stóri og Litli**
**15.38 Ljóti andarunginn og ég**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Ástríkur og víkingarnir**

Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47



### GOLFSTÖÐIN

**07.20 The Memorial Tournament**
**13.45 ShopRite LPGA Classic**
**16.40 Golfing World 2017**
**17.30 Manulife LPGA Classic**
**19.35 Inside the PGA Tour 2017**
**20.00 FedEx St. Jude Classic**
**23.00 Inside the PGA Tour 2017**
**23.25 Manulife LPGA Classic**

### BÍÓSTÖÐIN

**09.25 Dolphin Tale**
**11.10 Paper Towns**
**13.00 Out of Africa** Óskarsverðlaunamynd frá 1985 með Meryl Streep í hlutverki rithöfundarins Karenar Blixen sem giftist þýskum barón af hagsmunaástæðum og fluttist frá Danmörku til Nairóbí. Viðmót eiginmannsins og skilningur hans á breyttum lífsvenjum var annar en hún hafði búist við. Stórbrotnu landslagi Afríku eru gerð góð skil og sagan gædd ævintýraljóma.
**15.40 Dolphin Tale**
**17.25 Paper Towns** Dramatísk bíómynd frá árinu 2015 sem fjallar um Quentin og Margo, nágranna hans, sem elskar glæpasögur svo mikið að hún verður hluti einnar slíkrar. Margo hverfur sporlaust eftir hafa farið með Quentin í næturlangt ævintýri í heimabæ þeirra.
**19.15 Out of Africa**
**22.00 What Lies Beneath**
**00.10 Edge of Tomorrow**
**02.05 Phantom**
**03.40 What Lies Beneath**

### RÚV

**17.20 Í garðinum með Gurrý**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Börnin í Sýrlandi**
**18.18 Vísindahorn Ævars III**
**18.25 Með okkar augum**
**18.55 Vísindahorn Ævars III**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Matur frá öllum heimshornum – Dave Meyers. Egyptaland**
**20.35 Heimavígstöðvarnar**
**21.25 Fjölbraut**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.05 Skömm**
**23.25 Svikamylla**
**00.25 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.15 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.24 Dr. Phil**
**09.07 Chasing Life**
**09.50 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**11.20 Dr. Phil**
**11.58 Difficult People**
**12.24 Remedy**
**13.11 The Biggest Loser**
**14.43 The Bachelor**
**16.14 King of Queens**
**16.37 The Millers**
**16.59 How I Met Your Mother**
**17.21 Dr. Phil**
**18.04 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**18.50 The Late Late Show with James Corden**
**19.35 Man With a Plan**
**20.00 Ný sýn - Sunna Davíðsdóttir**
**20.35 Speechless**
**21.00 The Catch**
**21.45 Scandal**
**22.30 Better Things**
**23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.20 24**
**01.05 Under the Dome**
**01.50 Twin Peaks**
**02.35 Mr. Robot**
**03.20 House of Lies**
**03.50 The Catch**
**04.35 Scandal**
**05.20 Better Things**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

DACIA

# NÝR DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




ENNEMM / SÍA / NM82520 *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Verð:

# 2.490.000 kr.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco²

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bilás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



## Afmælis TILBOÐ

{Af öllum ilmum frá YANKEE}

**50% afsláttur**



## STILLANLEGT HEILSURÚM

með Shape dýnu
100 x 200 cm

Afmælis TILBOÐ
**150.000 KR.**
{ FULLT VERÐ 182.950 KR. }
DORMA



Afmælis TILBOÐ
**53.940 KR.**
{ FULLT VERÐ 89.900 KR. }
DORMA

## CLASSIC

Hægindastóll. Litir: Turkis,
dökk- og ljósgrár, brúnn, rauður eða svartur.

## SHAPE

heilsurúm með botni – 160 x 200 cm



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Koddar og teppi

Afmælis TILBOÐ
**94.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 149.900 KR. }
DORMA

## SHAPE COMFORT

heilsukoddi

Afmælis TILBOÐ
**2.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 5.900 KR. }
DORMA

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



## NATURE'S SUPREME

heilsurúm með Classic botni
90 x 200 cm



Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl og koddar

Afmælis TILBOÐ
**59.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 89.900 KR. }
DORMA

## DÚNSÆNGUR

SCANDINAVIAN BEDDING



Sæng 135x200 cm.
85% smáfiður og 15%
hvítur andadúnn. 100%
bómullarver. 1.185 gr.
Fullt verð: 9.900 kr
**TILBOÐ: 5.900**

Sæng 200x220 cm.
85% smáfiður og 15%
hvítur andadúnn. 100%
bómullarver. 2.000 gr.
Fullt verð: 16.900 kr
**TILBOÐ: 9.900**

Afmælis TILBOÐ
Verðdæmi **5.900 KR.**
{ 135x200 cm Fullt verð 9.900 }
DORMA

## ZERO hornsófi m/tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 288 x 205 x 88 cm



Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

Afmælis TILBOÐ
**118.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 169.900 KR. }
DORMA

## MEGA opinn hornsófi

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 294 x 241 cm



Afmælis TILBOÐ
**159.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 219.900 KR. }
DORMA

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Smáratorgi** | 512 6800
**Holtagörðum** | 512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri** | 558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði** | 456 4566

**www.dorma.is**

# Tilboðin gilda í öllum verslunum DORMA




# 1 árs afmæli DORMA á Zzzmáratorgi

# AFMÆLISTILBOÐ



Afmælis TILBOÐ
**159.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 219.900 KR. }
DORMA

## CLASSIC

Þriggja sæta sófi. Litir: Turkis, dökk- og ljósgrár, brúnn, rauður eða svartur. Stærð: 200 x 90 x 100 cm



## TIVOLI SVEFNSÓFI

Afmælis TILBOÐ
**169.900 KR.**
{ FULLT VERÐ 229.900 KR. }
DORMA

Tveggja sæta vandaður svefnsófi. Orange, dökkblátt eða grátt áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm. Svefnsvæði: 195 x 140 cm

*Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

DORMA
Láttu drauminn rætast



# Ofurpar á tímamótum

Á þriðjudaginn var greint frá því að **George Clooney** og **Amal Alamuddin Clooney** hefðu eignast tvíbura. Þetta eru fyrstu börn hjónanna. Þetta eru því ansi merkileg tímamót í lífi þeirra og þá er ekki úr vegi að stikla á stóru og renna yfir samband þeirra.

Lífið virðist vera dans á rósum hjá bandaríska leikaranum George Clooney og breska mannréttindalögfræðingnum Amal Clooney en þau standa nú á tímamótum.

Sagan segir að Alamuddin hafi ekki haft mikinn áhuga á George fyrst um sinn en með tímanum heillaðist hún upp úr skónum.

♥ **Í október árið 2013** fóru fyrstu fréttir af sambandi þeirra að berast.

♥ **Í apríl árið 2014** tóku þau næsta skref og trúlofuðu sig.

♥ **Í september árið 2014** fór brúðkaupið fram í Feneyjum. Fína og fræga fólkið sem prýddi gestalistann flykktist til Feneyja dagana fyrir brúðkaupið. Heilmikið var gert úr málinu í fjölmiðlum enda var veislan víst stórfengleg.

Amal klæddist glæsilegum kjól úr smiðju Oscars de la Renta í athöfninni og myndir frá stóra deginum birtust á forsíðu Hello! nokkrum dögum síðar. Þau seldu svo myndir úr brúðkaupinu til slúðurtímarita og gáfu meirihluta ágóðans til góðgerðarmála.

♥ Eftir brúðkaupsgleðina héldu þau í brúðkaupsferð til Seychelles-eyja og nutu lífsins.

♥ Hjónin komu sér svo vel fyrir í London en þau keyptu sér hús við ána Thames.

♥ **Í janúar** fóru fréttir að berast um að George og Amal ættu von á barni. Síðar meir kom í ljós að um tvíbura væri að ræða.

♥ **Í febrúar** var staðfest að þau ættu von á strák og stelpu.

♥ **Þriðjudaginn 6. júní** fæddust tvíburarnir í London. Upplýsingafulltrúi hjónanna sendi þá út tilkynningu og staðfesti að börnin væru komin í heiminn og að fjölskyldunni heilsaðist vel.

♥ Hjónin eru sögð hafa leigt fæðingarsvítu á sjúkrahúsi í Chelsea og Westminster sjúkrahúsinu í London fyrir fæðinguna. Samkvæmt fréttum vestanhafs mun slík svíta kosta sem nemur um 850.000 íslenskum krónum.

♥ Börnin hafa fengið nöfnin Ella og Alexander.



## TVÍBURAFORELDRAR Í HOLLYWOOD

Amal og George eru nú komin í fjölmennan hóp ríkra og frægra sem eiga tvíbura. Í þeim hópi eru meðal annars þau Brad Pitt og Angelina Jolie, Jennifer Lopez og Marc Anthony, Sarah Jessica Parker and Matthew Broderick og bráðum bætast Jay Z og Beyoncé í hópinn.



**Sarah Jessica Parker er tvíburamamma.** NORDICPHOTOS/GETTY



Buxnadagar

20% afsláttur af öllum buxum

comma,

SMÁRALIND


unicef
Vertu með!
Heimsforeldrar UNICEF eru hópur af fólki sem bætir líf barna á hverjum degi.
Horfðu á frábæra skemmtidagskrá á degi rauða nefsins á RÚV föstudaginn **9. júní kl. 19:40** og sjáðu hvernig þú getur gert heiminn betri.
Smelltu þér inn á **unicef.is** og sjáðu hvað er í gangi.
#heimsforeldri
unicef.is
DAGUR RAUÐA NEFSINS
09/06/17
vodafone
LINDEX
KVIKA















Síta og Bergrún eru konurnar á bak við Murder Magazine. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Útprentuð og eiguleg samsýning

**Síta Valrún** og **Bergrún Anna Hallsteinsdóttir** gáfu nýverið út fyrsta tölublað tímaritsins Murder Magazine. Í því tímariti er meðal annars mynd- og ljóðlist margra listamanna gert hátt undir höfði.

Við gerum í raun allt, frá a til ö, með smá innskotum og hjálp hér og þar. Við fengum svo Auði Önnu Kristjánsdóttur myndlistarkonu með okkur í lið til að sjá um umbrot," segir Síta Valrún, sem er stofnandi, ritstjóri og listrænn stjórnandi Murder Magazine ásamt Bergrúnu Önnu Hallsteinsdóttur, spurð út í hverjir komi að gerð tímaritsins.

Síta og Bergrún kynntust í Listaháskóla Íslands en þær stunduðu báðar nám í myndlist og útskrifuðust árið 2015. Hugmyndin að ritinu kviknaði þegar þær voru að skipuleggja samsýningu. „En sú sýning varð aldrei að veruleika en í staðinn varð Murder Magazine til."

Útkoman er samsafn fjölbreyttra verka eftir fjölda listamanna. „Þetta er vandlega skipulagður vettvangur þar sem ljóð-, myndlistar- og ljósmyndaverkum er fléttað saman."

> VIÐ VILDUM BÚA TIL EITTHVAÐ VANDAÐ OG FALLEGT. EITTHVAÐ EIGULEGT VERK SEM FÓLK GETUR TEKIÐ HEIM TIL SÍN.

Þær lýsa Murder Magazine sem eins konar samsýningu. „Við vildum búa til eitthvað vandað og fallegt. Eitthvað eigulegt verk sem fólk getur tekið heim til sín, notið og passað upp á. Í rauninni er þetta útprentuð samsýning."

Verkin sem birtast í tímaritinu eru vandlega valin af Sítu og Bergrúnu. „Við birtum allt sem á við. Ef við fáum greinar sem passa inn, þá verða þær birtar. En við hugsum tímaritið sem sýningarrými, þannig að það þarf allt ganga upp og virka vel saman, samspilið þarf að skapa einhvern neista og harmoníu."

### Sextán konur og tveir karlar

Í nýjasta tölublaðinu er að finna verk eftir átján listamenn og konur eru í miklum meirihluta. „Þótt það hafi aldrei verið fyrirfram ákveðið þá eru flestir þátttakendanna í þessu tölublaði konur. Það eru sem sagt átján þátttakendur og af þeim eru tveir karlmenn, sem er að okkar mati áhugaverð dýnamík."

Það liggur vissulega mikil vinna á bak við tímaritaútgáfu en þær Síta og Bergrún stefna á að gefa nýtt tölublað út á þriggja mánaða fresti. Þess má geta að tímaritið fæst t.d. í Bókabúð Máls og menningar og Bismút á Hverfisgötu 82.

gudnyhronn@365.is

# Ragga með hlutverk í Vikings-þáttunum

Sunddrottningin og leikkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir, betur þekkt sem Ragga Ragnars, hefur verið að gera það gott í Los Angeles undanfarið þar sem hún er búsett ásamt fjölskyldu sinni. Og nýjustu fregnir herma að hún hafi landað hlutverki í þáttunum Vikings sem margir landsmenn kannast við en þeir þættir eru afar vinsælir og fá 8,7 í einkunn á vef IMDb.

Eins og gengur og gerist í þessum bransa eru leikarar bundnir trúnaði og mega ekki tjá sig um hlutverk sín en samkvæmt heimildarmanni Fréttablaðsins eru tökur á nýjustu þáttaröðinni hafnar og Ragnheiður mun hafa plumað sig vel í hlutverki sínu.



Ragnheiður Ragnarsdóttir er sögð leika hlutverk í nýjustu þáttaröð Vikings-þáttanna.

> RAGGA ER SÖGÐ HAFA Í NÓGU AÐ SNÚAST ÞESSA DAGANA VEGNA HLUTVERKS SEM HÚN FER MEÐ Í ÞÁTTUNUM VIKINGS.

Nú geta íslenskir aðdáendur bara beðið spenntir eftir að sjá Ragnheiði í fullum víkingaskrúða á sjónvarpsskjánum í fimmtu seríu af Vikings.

Þess má geta að Vikings-þættirnir segja frá víkingnum Ragnari loðbrók og fjölskyldu hans. **– gha**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Kringlan, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com *Afsláttur af Lee fatnaði, gildir 8.-11. júní.

# Sumar HÁTÍÐ

GLEÐILEGT SUMAR!

Skoðaðu tilboðin á byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 12.júní eða á meðan birgðir endast.

## Í verslunum BYKO

### *Laugardaginn 10. júní frá 12-15*

Boðið er upp á grillaðar pylsur, gos og safa í öllum verslunum.
Sundpokar, buff og nammi fyrir ungu kynslóðina.







## DAGSKRÁ BREIDD

**SIRKUS ÍSLANDS:**
Andlitsmálun, blöðrugerðarmaður og önnur skemmtun kl. 13-15

**EMMSJÉ GAUTI kl. 15**

ANDLITSMÁLUN



-25%




**BLÁKORN** 10kg.
**1.721kr.**
55095107
Almennt verð: 2.295kr.

5 og 25kg pakkningar einnig á 25% afslætti

GROHE



-25%

**GROTHERM 800**
sturtutæki
**14.995kr.**
15334561
Almennt verð: 19.995 kr.

Einhell®

-20%



**SLÁTTUORF,**
GC-BC 31 0,7kW.
**23.995kr.**
74830078
Almennt verð: 29.995 kr.

# GLÆSILEGIR AFSLÆTTIR!

BLÓMAPOTTAR - 30% · GARÐHÚSGÖGN -20% · SUMARLEIKFÖNG - 30%
GRILLFYLGIHLUTIR -25% · REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR -30% · TJÖLD -30%
REIÐHJÓL -20% · FERÐATÖSKUR -30% · ÖLL VIÐARVÖRN -25%
JÁRNHILLUR -30% · SONAX -20% · TRÖPPUR OG STIGAR -30%
SNICKERS VINNUFÖT -20% · PLASTBOX -30% · VINNUVETTLINGAR -20%
GÆLUDÝRAVÖRUR -20% · BARNABÍLSTÓLAR - 25%

# FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA



-35%

**FERÐAGASGRILL**
2,93kW, svart.
**12.995kr.**
50632100
Almennt verð: 19.995kr.

-30%



**LERKI**
alheflað og rásað,
27x117 mm.
**415kr./lm.**
0053265
Almennt verð: 595 kr./lm.

Krono Original® High Quality
Made by Kronospan

**WHITE OILED EIK**
192x1285, 8mm þykkt.
**1.695kr./m²**
0113485
Almennt verð: 2.695kr.

-37%

BOSCH
Invented for life

**HÁÞRÝSTIDÆLA,**
AQT-33-11, 110 bör.
**13.595kr.**
74810231
Almennt verð: 16.995 kr.

-20%



OUYAO

**SLÁTTUVÉL** 2,3kW
**22.995kr.**
53323130
Almennt verð: 32.995 kr.

-30%





Einhell®

**GEIRUNGSSÖG**
TC-SM 2534.
**29.995kr.**
74808322
Almennt verð: 39.995 kr.

-25%

# PALLA-LEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 14. júlí.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Tuma Daðasonar




## Herramaður úr norðri

Nei, nei, nei, nei. Ef það er ekki maðurinn sem kostaði okkur leikinn,“ sagði starfsmaður í vegabréfaeftirlitinu í Keflavík við mig kvöld eitt í nóvember 2013. Sólarhring áður hafði íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tapað 2-0 gegn Króötum í Zagreb. Draumur Íslands um að komast á HM í Brasilíu var úti. Ævintýrið var samt rétt að byrja. Okkar menn sigldu í gegnum erfiðan riðil í undankeppni EM 2016 og komu öllum á óvart með frammistöðunni í Frakklandi. Enn leikur allt í lyndi og á sunnudag er enn einn stórleikurinn þar sem efsta sæti riðilsins er í húfi. Andstæðingurinn, jú, Króatía.

Í aðdraganda leiksins í Zagreb 2013 fluttu kollegar mínir á Vísi fregnir af bjórdrykkju landsliðsmanna Króata eftir leikinn í Reykjavík, sem lauk 0-0. Uppi varð fótur og fit á blaðamannafundi í Zagreb þar sem þáverandi landsliðsþjálfari Króata, Niko Kovac, þvertók fyrir að nokkur drykkja hefði átt sér stað.

„Ég hélt þú værir herramaður úr norðri. Það er greinilega ekki tilfellið,“ sagði Kovac við mig í fússi. Króatar höfðu öll völd á vellinum kvöldið eftir og unnu sannfærandi sigur jafnvel þó „Mandzukic-ið“ hefði fokið af velli undir lok fyrri hálfleiks.

Einhverjir töldu fréttina af bjórdrykkju hafa espað Króatana upp. Þess vegna hefði leikurinn tapast. Ekki vegna þess að þeir voru á heimavelli, í ljónagryfjunni sinni, reynslumeiri og einfaldlega betri. Nei, frétt af bjórdrykkju varð til þess að Íslendingar misstu af sæti á HM. Einmitt.

Flestir vissu þó betur, þar á meðal herramaðurinn í flugstöðinni sem var með góðan húmor: „Ég er bara að fíflast í þér. Velkominn heim!“


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN







Sóma Tortillur
VIÐ RÚLLUM ÞESSU UPP
DAGLEGA MEÐ FERSKASTA ÁLEGGINU




Kryddaðar kjúklingabaunir, granatepli, spínat og gúrkur

Tikka masala kjúklingur og grænmeti

BBQ kjúklingur, sætar kartöflur og spínat

Reykt skinka egg, iceberg og pítusósa

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

